

## Flytja fisk út og nauðsynjar inn

**COVID-19** Þrátt fyrir að flugferðum fækki og hlutabréf falli í flugfélögum víða um allan heim hafa vöruflytningar aukist til muna. Icelandair Cargo finnur fyrir mikilli eftirspurn yfir hafðið.

„Við setjum íslenska fiskinn í forgang af því þar eru miklir hagsmunir til langs tíma að halda mörkuðum opnum,“ segir Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

**Við erum að flytja mun meira af fiski á dag þessa dagana en í venjulegu árferði.**

Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo



Gunnar Már segir að verið sé að flytja meira af sumu og minna af öðru. „Taktörkun á flugi til Norður-Ameríku þýðir að fiskur er ekki að berast í sama mæli frá Evrópu. Þannig að við erum að flytja mun meira af fiski á dag þessa dagana en í venjulegu árferði.“

Spurður um aukninguna segir Gunnar Már erfitt að segja til nákvæmlega um slíkt.

„Erfitt er að segja nákvæmlega til um hversu mikil aukningin er af því að við erum í mjög sérstökum aðstæðum,“ útskýrir Gunnar Már.

„Við finnum fyrir mikilli eftirspurn eftir sumum vörum og minni eftirspurn. Fiskurinn er í mikilli eftirspurn, við fáum pantanir fyrir nauðsynjavörum, eins og lyf og læknavörur sem þurfa flutning strax til landsins og við verðum að setja í forgang yfir hefðbundna flutninga.“

Gunnar Már segir erfitt að segja til um nákvæmlega hvernig þetta muni þróast.

„Auk þess er mikil eftirspurn á Norður-Atlantshafinu þar sem verð eru há, en við setjum forgang á flutning til og frá Íslandi.“ – **ilk**

## Létu veiruna ekki stoppa sig

**COVID-19** „Við erum ekkert hræddari um að smitast hér heldur en heima á Írlandi,“ segir Elena Draghiceanu, sem er á ferðalagi um Ísland í húsbíl ásamt manni sínum Aydin Mucek. Þau búast ekki við að fara í sóttkvi við heimkomuna. – **bdj / sjá síðu 2**



„Fólk þarf ekki að hafa áhyggjur af vöruskorti, það hafa allir borð fyrir báru og eru með marga mánuði í pípunum,“ segir Ari Fenger, forstjóri Nathan & Olsen, sem er umsvifamikill í innflutningi á dagvöru eins og hveiti og sykri og Cheerios og Cocoa Puffs. Myndin var tekin á lager Nathan & Olsen í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hótel hafna endurgreiðslum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslensk hótel hafna kröfum erlendra bóknarsíða um endurgreiðslu á gistingu sem keypt var með þeim skilmálum að hún væri óendurgreiðanleg.

Kröfuna byggja bóknarsíðunnar á svokölluðu Force majeure ákvæði í skilmálum. Ákvæðið lýtur að óviðráðanlegum atburðum á borð við náttúruhamfarir.

„Þeir eru að krefjast þess að gisti- staðir á Íslandi endurgreiði slíkar



Jóhannes Þór Skúlason.

bókanir,“ segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Ferðamálastofa hafi vakið athygli á að ekki séu í gildi ferðatakmarkanir til Íslands. „Þess vegna beri gististöðum ekki samkvæmt skilmálunum að endurgreiða slíka gistingu þar sem enn er hægt að afhenda hana á Íslandi.“

Ágreiningurinn er enn óleystur. „Hér er um að ræða mismunandi skilning,“ segir Jóhannes. Samtök ferðaþjónustunnar séu sammála Ferðamálastofu. „Það er hverju fyrirtæki í sjálfsvald sett hvaða ákvörðun er tekin en við bendum á að þetta sé staðan í lagalegu tilliti.“

– **gar**

## Ræða aðgerðir

**EFNAHAGSMÁL** Fundað er nú á vegum stjórnvalda um aðgerðir í efnahagsmálum í kjölfar áhrifa kórónaveirunnar á íslenskt efnahagslíf. Er þar um að ræða aðgerðir sem eru af annarri stærðargráðu en kynntar voru af hálfu ríkisstjórnarinnar í síðustu viku. Ákall er um það frá fulltrúum fjölmargra fyrirtækja og þingmönnum bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu. Líkur eru taldar á að aðgerðirnar verði kynntar síðar í vikunni.

Einkum eru það áhrif á ferðaþjónustuna sem áhyggjurnar beinast að. Ekki síst að viðkvæmri stöðu Icelandair sem hefur þurft að bregðast við því að víða hefur verið lagt bann við komu ferðamanna. Þá var greint frá því í fjölmiðlum í gær að forsvarsmenn félagsins hefðu fundað með ráðherrum um lióna helgi um stöðu félagsins í ljósi þessa.

Líkur eru á að komubönum verði beitt í ríkari mæli því uppi eru áform innan Evrópusambandsins að sett verði á komubann til landa sambandsins og á Schengen-svæðið, þar sem Ísland á aðild. Þetta fyrirhugaða bann og viðbrögð við því voru til umræðu á fundi í utanríkisráðuneytinu í gærkvöld. – **þp**

Volkswagen e-Golf



Skiptu yfir í rafmagnsbíl




HEKLA · [www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)



Ný sending komin!



## Veður



NA-13-23 og snjócoma um landið norðanvert, áfram hvassast á Vestfjörðum. Hægari vindur sunnan til og él. Víða vægt frost. Fer að draga úr vindi og úrkomu annað kvöld. **SJÁ SIÐU 14**

## Veiran dreifir sér um landið

**COVID-19** Tuttugu manns greindust með COVID-19 í gær og því heildartala smitaðra komin upp í 198 þegar blaðið fór í prentun. Þá voru 2.056 einstaklingar í sóttkví. Þrjár smitaðir liggja nú á Landspítalanum og þar af tveir á gjörgæslu.

Veiran er nú farin að dreifa sér um landið og hafa komið upp tilfelli í alls fjórum landshlutum. Flestir hinna smituðu eru á fimmtugs og sextugsaldri, 77, en aðeins 12 smit hjá undir 20 ára. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, sagðist á blaðamannafundi í gær búast við mun fleiri smitum á næstu tveimur vikum. Samkvæmt skimun Íslenskrar erfðagreiningar er um eitt prósent landsmanna smitað. – khg

## Talið inn og út



Starfsmaður Krónunnar á Granda telur viðskiptavini inn og út til að halda fjöldanum réttum megin við línuna. En samkvæmt samkomubanninu sem nú gildir um allt land mega ekki koma saman fleiri en 100 manns á hverjum stað, þar með talið í verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Engir kvenkynsfangar fengu reynslulausn

**FANGELSISMÁL** Óánægja er meðal kvenfanga á Hólmsheiði vegna aðgerða fangelsismálayfirvalda í tengslum við kórónaveirufaraldurinn. Þau hafa heimilað 10 til 20 fongum að fara fyrir á reynslulausn.

Það á að tryggja að fangelsin geti tekið við nýjum fongum og gæsluvarðhaldsfongum og að þeir verði aðskildir frá öðrum. Kvenfongum á Hólmsheiði finnst það skjóta skökku við að eingöngu karlar fái reynslulausn.

„Það er að okkar mati mjög ein kennilegt. Við erum nokkrar herna sem sitjum inni fyrir væg neyslubrot, höfum hegðað okkur vel og eigum stutt eftir af okkar dómum. Á meðan eru karlar að fá reynslulausn sem eru inni fyrir alvarlegri brot og hafa auk þess gerst sekir um agabrot,“ segir kvenfangi í samtali við Fréttablaðið.

Tveir gangar eru ætlaðir kven-

**Ákvarðanirnar voru teknar óháð kyni, eingöngu í samræmi við viðmiðunarreglur.**

Páll Winkel, fangelsismálastjóri

fongum á Hólmsheiði. Annar fyrir átta fanga en hinn fyrir fjóra. „Það er klefi laus á stærri ganginum en tveir lausir á þeim minni. Það hefði verið hægt að flytja fanga á þann stærri og veita einhverjum reynslulausn. Þannig hefði verið hægt að rýma deild fyrir COVID-19 veika fanga,“ segir viðmælandinn.

Páll Winkel fangelsismálastjóri vísar gagnrýninni á bug. „Ákvarðanirnar voru teknar óháð kyni, eingöngu í samræmi við viðmiðunarreglur,“ segir Páll. – bp

# Hjón létu COVID-19 ekki trufla Íslandsferð

Ferðamönnum hefur fækkað hér á landi og fjöldamörg ríki hafa lokað landamærum sínum vegna COVID-19. Hjón frá Írlandi sem hafa verið á ferðalagi um Ísland síðustu vikuna segja veiruna ekki hafa haft áhrif á ferð þeirra.

**COVID-19** „Við erum ekkert hræddari um að smitast hér heldur en heima á Írlandi,“ segir Elena Draghiceanu. Hún er á ferð um Ísland ásamt manni sínum, Aydin Mucek, þau búa á Írlandi og hafa verið á ferðalagi hér í rýma viku.

„Við byrjuðum að skipuleggja þessa ferð fyrir um hálfu ári. Þá var þessi staða auðvitað ekki komin upp en við spáðum aldrei alvarlega í að fresta ferðinni eða að hætta við,“ svarar Elena aðspurð hvort COVID-19 faraldurinn hafi haft einhver áhrif á ferðalög þeirra. Fjöldi ferðamanna hefur frestað ferðum sínum vegna faraldursins og þá hefur landamærum víðs vegar verið lokað.

„Við vissum af því hvernig ástandið var hér áður en við komum en það er ekki ósvipað og á Írlandi. Þar er vírusinn líka að breiðast hratt út, börum hefur verið lokað og ýmsum stofnunum. Svo við förum varlega hér alveg eins og við gerum þar,“ segir Aydin.

Þá segir hann Ísland ekki vera tilgreint sem háhættusvæði svo þau eiga ekki von á því að þurfa að fara í sóttkví við komuna heim til Íslands.

Hjónin hafa ekki þurft að fresta neinu sem þau stefndu að að gera í ferðinni um Ísland vegna COVID-19, en veðrið hefur hins vegar sett meira strik í reikninginn. „Við þurftum að breyta okkar plönnum aðeins vegna veðurs en það má alltaf gera ráð fyrir því, sérstaklega ef maður er að ferðast til Íslands,“ segir Elena og hlær.

Elena og Aydin hafa á ferðalagi sínu um Ísland gíst í húsbíl. Aðfaranótt mánu dags eyddu þau í bílnum í nágrenni við Grindavík. Þau segjast ekki hafa vitað af þeim jarðhrær-



Aydin Mucek og Elena Draghiceanu segjast fara varlega vegna COVID-19 bæði hér á Íslandi og heima á Írlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Við erum ekkert hræddari um að smitast hér en heima á Írlandi.**

Elena Draghiceanu

ingum sem hafa verið á svæðinu síðastliðnar vikur en jarðskjálfti að stærðinni 5,2 á Richter átti upptök sín nálægt bænum í síðustu viku.

„Okkur var svo sagt frá þessu þegar við vorum búin að eyða nótt-

inni þarna, en sem betur fer voru engar hræringar þá, það var samt brjáláð veður og billinn skalf vegna þess,“ segir Elena. Þá segjast hjónin fljúga heim í kvöld og stefna að því að eyða síðasta deginum í Reykjavík. „Planið fyrir síðasta daginn er að borða sem mest,“ segir Aydin.

„Við ætlum að kaupa okkur Omnom súkkulaði og fá okkur fisk og franskar. Svo urðum við auðvitað að fá okkur pylsu hér,“ segir hann en hjónin voru að gæða sér á pylsu á Pylsuvagninum þegar blaðamaður hitti þau. Spurð að því hvað þau hafi sett á pylsuna segjast þau bæði hafa fengið sér eina með öllu.

„Remúlaðið er best, smá eins og majónes, en enn þá betra,“ segir Elena. [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)

**AFMÆLISTILBOÐ Í MARS**

**FISKRÉTTUR**

**DAGSINS 1790 KR. KG**



**Fiskikóngurinn**  
Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



# Sturtuklefi



Fast-fix sturtuklefi  
með smellukerfi  
engar skrúfur,  
ekkert sílikon.

**79.900**

Verðdæmi stærð 80x80

Opið virka daga frá 9 til 18  
laugardaga 11 til 14

Ármúla 31 - Sími 588 7332 - [www.i-t.is](http://www.i-t.is)



- fyrir þitt heimili





Viðgerðirnar í fyrria kostuðu meira en 400 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Búið að koma í veg fyrir leka

**REYKJAVÍK** Búið er að koma í veg fyrir leka í þakglugga Fossvogsskóla með bráðabirgðaviðgerð og verður nýjum glugga komið fyrir í sumar. Þetta kemur fram í svari umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Kolbrúnar Baldursdóttur, oddvita Flokks fólksins, á fundi borgarráðs.

Lekinn kom upp kjölfar umfangsmikilla viðgerða á húsnæðinu í fyrria vegna myglu. Kostuðu viðgerðirnar rúmar 420 milljónir króna, er gert ráð fyrir að frekari viðgerðir komi til með að kosta um 50 milljónir.

Heilbrigðiseftirlitið tók út húsnæðið í febrúar og hafa verið gerðar lagfæringar í samræmi við athugasemdir. Verður svo ráðist í heildarúttekt að lokinni loftgæðamælingu. – ab



Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

## Leggja fram fimm tillögur

**REYKJAVÍK** „Borgin þarf að leggja sitt af mörkum til að verja störf fólksins í borginni. Ríkið er að koma með úrræði en borgin má ekki skorast undan,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Flokkurinn leggur til fimm úrræði til að létta á atvinnulífnum vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru vegna kórónaveirunnar, og faraldursins sem henni fylgir.

Verða tillögurnar lagðar fram á fundi borgarstjórnar í dag. „Lækkun fasteignaskatts, lækkun gjalda á atvinnulífni, gjaldfrestur veittur. Farið verði í viðhaldsverkefni og markaðsáttak þegar lokunum lýkur. Bráð hætta er á að of mörg störf tapist ekkert er gert,“ segir Eyþór. „Það slátrar fyrirtekjum, íþyngir heimilum og skerðir tekjur borgarinnar til lengri tíma.“ – ab

# Reyna muni á undantekningarreglur laga

**VIÐSKIPTI** „Við erum kannski ekki komin á þann stað að þurfa að velja því fyrir okkur hvort lögin eigi yfir höfuð við, en það er ljóst að það mun reyna á reglur laga um sérstakar aðstæður með hætti sem við höfum sjaldan eða aldrei séð,“ segir Flóki Ásgeirsson, lögmaður hjá MAGNA lögmonnum. Sett hefur verið upp teymi á stofunni til að takast á við aukni álag vegna Covid-19 faraldursins og afleiðinga hans fyrir viðskiptavinum stofunnar.

„Það hefur ekki hægst um hjá lögmonnum heldur þvert á móti, eins og oft gerist þegar hamfarir verða í þjóðfélaginu. Þá reynir oft á lögin í auknum mæli,“ segir Flóki og bætir við: „Það eru ansi margir fundir

Það er alveg ljóst að það verður tjón. Þegar rykið er sest þarf að skera úr um hver á að bera það.

Flóki Ásgeirsson lögmaður



þessa dagana með fólki og atvinnurekendum sem eru að velja fyrir sér sinni framtíð.“

Hann segir viðskiptavinum stofunnar hafa miklar áhyggjur af

sínum rekstri. Það eigi ekki við um ferðaþjónustuna eina heldur raskist allar virðisdeður í viðskiptalífnum.

„Menn sjá fram á að samningar verði ekki efndir, þeir fái ekki greitt, draga þurfi saman starfsemi svo dæmi séu tekin,“ segir Flóki. Þá þurfi að fá úr því skorið hvernig tjón fáiast bætt í gegnum tryggingar, hvaða skyldur þurfi að efna og hvað megi láta undir höfuð leggjast. „Í þessu sambandi reynir á hvað lögin leyfa og ekki síður álitaefni varðandi þær sérstöku reglur löggjafarinnar sem gilda þegar kemur upp svona fordæmalaus stöðu,“ segir Flóki og telur ljóst að aðstæðurnar muni reyna á lögin og sérreglur sem gildi um ófyrirséðar aðstæður.

Hann segir að það séu ekki síður aðgerðir annarra ríkja sem hafi nú áhrif á atvinnulífni hér heima. „Viðskipti eru alþjóðleg og öll fyrirtæki eru með einum eða öðrum hætti háð samskiptum við útlönd.“ Það muni því meðal annars reyna á lagaumhverfið og að hve miklu leyti það mæli fyrir um hvar ábyrgðin og tjónið muni lenda.

„Það er alveg ljóst að það verður tjón. Þegar rykið er sest þarf að skera úr um hver á að bera það og hvernig mátti takmarka það. Þá mun reyna á sjónarmið í lögum um óviðráðanlegar aðstæður og hverjum stendur næst að reyna að koma í veg fyrir þær eða þurfa að bera áhættuna af þeim.“ adalheidur@frettabladid.is

# Skólahaldi raskað um allt land

Skólahald í leik- og grunnskólum verður með breyttu sniði næsta mánuðinn. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla brýnir fyrir foreldrum að láta ekki ástandið raska allri daglegri rútinu barna og unglunga.

**COVID-19** Stuttir kennsludagar, nesti inni í stofu og takmarkaðar frímínútur bíða margra grunnskólanema á meðan mánaðarlangt samkomubann er í gildi. Framhalds- og háskólar hafa sent nemendur heim. Hafa nú smit af COVID-19 komið upp í fjórum landshlutum. Er ljóst að áhrifin verða gríðarleg en rúmlega 85 þúsund landsmenn eru á leik-, grunn- og framhaldsskólaaldri.

Skipulagsdagur voru í grunn- og leikskólum víða um land í gær. Í samræmi við tilmæli almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra verða að hámarki 20 í bekk. Er áhersla á að tryggja að hópar blandist ekki. Mismunandi er þó milli skóla hvernig farið verður að.

Í Hlíðaskóla verður skólahúsnæðinu skipt í svæði fram að páskafríi og tryggt að nemendahópar verði einungis í sínum skólastofum. Þá munu nemendur á miðstigi mæta í skólann annan hvern dag og nemendur unglíngadeildar mæta í einungis tvær kennslustundir daglega. Öll íþrótt- og sundkennsla fellur niður, sama á við um verk- og listgreinakenndu. Svipaðar ráðstafanir eru í öðrum skólum.

Leikskólar eru einnig að grípa til viðeigandi ráðstafana og hafa foreldrar í mörgum tilfellum verið beðnir um að láta vita ef þeir séu í aðstöðu til að vinna heima til að þeir sem eru í framlínu vegna veirufaraldursins geti fengið lengri leikskólavöl.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf í gær út leiðbeiningar um öruggar aðgerðir til að koma í veg fyrir smit í skólum. Er lögd áhersla á að heilbrigð börn haldi áfram að



Mikið rask er á skólastarfi og flest öllum tómstundum vegna COVID-19 faraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Krakkar þurfa ramma.**

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla



sækja skóla og að kenna þeim góðar hreinlætisvenjur. Með fræðslu á að draga úr ótta og kvíða nemenda í tengslum við COVID-19.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, brýnir fyrir foreldrum að láta ekki

ástandið raska allri daglegri rútinu og að næstu fjórar vikur verði ekki „eitt stórt páskafrí“ þar sem sólarhringnum er snúið á haus því þá verði erfiðara að snúa til baka.

„Krakkar þurfa ramma. Það er mikilvægt að allir vakni saman á morgnana, borði sinn morgunmat, sinni námi, haldi sér virkum og fari út undir bert loft til að fá smá hreyfingu,“ segir Hrefna en jafn framt að foreldrar geti aldrei fyllt upp í öll skörð sem raskið hefur í för með sér. Passa þurfi upp á að ekki verði öllum tímanum varið við skjátækin en tæknin skipti máli, bæði til náms og til að rjúfa einangrun.

Bendir hún á að hið opinbera

og allir þurfi að vera vakandi fyrir því að börn búi við mismunandi aðstæður og huga þurfi sérstaklega að viðkvæmstu hópunum. „Það er mjög mikilvægt fyrir börn sem búa við erfiðar heimilisaðstæður að hafa tengingu út í samfélagið og fá stuðning þáðan,“ segir hún. „Ég efast ekki um að stjórnvöld hugi að þessum hópi og séu með eitthvað í undirbúningi.“ Mikilvægt sé að fólk hafi augun opin fyrir því hvort einhver börn eða unglunga séu að einangrast eða eigi erfitt. Minnir hún á hjálparsíma eins og 1717, á vegum Rauða krossins í þessu samhengi.

arib@frettabladid.is  
kristinnhaukur@frettabladid.is

# Mývetningar uggandi og vilja aðgerðir

**EFNAHAGSMÁL** „Ríkisstjórnin hefur kynnt tímabundnar aðgerðir en betur má ef duga skal,“ segir sveitarstjórn Skútustaðahrepps sem hefur áhyggjur af ferðaþjónustunni.

Ekki á að gefa afslátt af itrustu kröfum svo hefta megi útbreiðslu kórónaveirunnar, segir sveitarstjórnin.

„Ljóst er að þær aðgerðir munu hafa mikil áhrif á lífsviðurværi fólks og sér í lagi er stöð ferðaþjónustunnar til skemmri tíma þung, ekki sist á landsbyggðinni,“ segir sveitarstjórnin í bókun og bendir á að ferðaþjónustan sé langstærsta atvinnugreinin í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórnin skorar á ríki, sveitarfélög og fjármálastofnanir að grípa til markvissra aðgerða. Leggur hún meðal annars til tímabundinn sveigjanleika á vinnumarkaði, til dæmis með heimildum til að færa fólk tímabundið á atvinnu-



Við Mývatn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

leysisskrá án áhrifa uppsagnarfrests. Endurskoða þurfi umgjörð fjármálakerfisins svo það geti veitt nauðsynlega aðstoð.

„Í því samhengi má nefna endurskoðun á íþyngjandi eiginfjákröfum og takmarkað aðgengi að lausafé,“ segir í bókuninni.

Lagt er til að sveitarfélög lækki

» Aðgerðir gegn Covid-19 munu hafa mikil áhrif á lífsviðurværi Mývetninga sem reiða sig mjög mikið á tekjur af ferðaþjónustu.

gjaldskrár og álagningu fasteignagjalda og skoði sértæk úrræði til að létta undir til skamms tíma.

„Í því samhengi ætti að skoða hvort Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti tímabundna heimild til sveitarfélaga til að lækka álgögur án þess að til komi frádráttur á greiðslum til þeirra frá Jöfnunarsjóði,“ segir sveitarstjórnin.

Einnig segja Mývetningar að fjármálastofnanir þurfi að sýna þolinmæði og stilla ávöxtunarkröfu í höf. – gar

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

**Flisabúðin**  
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook



# LAGERSALA SÍÐUSTU EINTÖKIN 50% AFSLÁTTUR

*Verðdæmi*

50%

ISABELLA - 160X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR

FULLT VERÐ 47.840 KR

180X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 41.790 KR

FULLT VERÐ 83.580 KR

50%

DAISY - 160X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR

FULLT VERÐ 37.840 KR

180X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 36.790 KR

FULLT VERÐ 73.580 KR

50%

POPPY - 160X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 15.290 KR

FULLT VERÐ 31.840 KR

180X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 33.790 KR

FULLT VERÐ 67.580 KR

50%

GRACE - 160X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 16.420 KR

FULLT VERÐ 32.840 KR

180X200 cm DÝNA

ÚTSÖLUVERÐ 34.290 KR

FULLT VERÐ 68.580 KR







Filippus VI Spánarkonungur.

## Svipti föður sinn fjárstyrk

**SPÁNN** Filippus VI Spánarkonungur hefur afsalað sér arfi frá föður sínum, Juan Carlos fyrrverandi konungi, og svipt hann árlegum fjárstyrk. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá konungsfjölskyldunni.

Akvörðunin var tekin í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla um rannsókn á meintum aflandsreikningi sem settur var upp þegar Juan Carlos var við völd. Að sögn voru um 90 milljónir evra lagðar inn á reikninginn frá konungi Sáði-Arabíu árið 2008. Þá er Filippus skráður fyrir „gjöf“ upp á einar 65 milljónir evra.

Í yfirlýsingunni kemur fram að hvorki Filippus né konungsfjölskyldan hafi vitað af eða átt ábyrgð í meintum atburðum. Einnig kemur fram athugasemd frá Juan Carlos um að hann hafi aldrei sagt syni sínum að hann væri styrkþegi í sjóðnum. Juan Carlos steig til hliðar sem Spánarkonungur árið 2014 eftir fjölda hneykslismála. Til þessa hefur hann þó fengið árlegan fjárstyrk frá ríkinu upp á tæpar 200.000 evrur. – atv

## Fyrirheit en engar útlistanir

**COVID-19** Leiðtogar G-7 ríkjanna gáfu í gær yfirlýsingu um að vinna betur saman að því að takast á við COVID-19. Þetta eru Bandaríkin, Þýskaland, Bretland, Frakkland, Ítalía, Kanada og Japan. Í stað þess að funda í borginni Pittsburgh ræddu þjóðarleiðtogarnir saman með fjárfundarbúnaði.

Yfirlýsingin felst í fjórum atriðum.

» Í stað þess að koma saman í borginni Pittsburgh í Bandaríkjunum ræddu þjóðarleiðtogarnir saman með fjárfundarbúnaði.

um, að samrýma aðgerðir til að vernda áhættuhöpa, að efla efnahaginn og vernda störf, að styðja við alþjóðaviðskipti og að styðja við vísindarannsóknir og samstarf.

„Með því að vinna saman, getum við betur tekist á við heilsufarslegar og efnahagslegar afleiðingar COVID-19 faraldursins og undirbúið sviðið fyrir endurreisn öflug og sjálfbærar hagvaxtar og velmegunar,“ segir í yfirlýsingunni.

Þrátt fyrir fögur fyrirheit voru engar útlistanir tilkynntar og engar tölur um hversu miklu fé yrði varið í baráttuna gegn veirunni. – khg

## Andrúmsloft svarta dauða



Sveitarstjórnarkosningar í Bæjaralandi. Starfsmaður við talningu ber grimu með löngu nefi, svipað og plágulæknað gerðu á tímum svarta dauða á fjórtánda öld. Í nefið settu þeir ilmurtir eða krydd til að halda miösmu í burtu, slæmri lykt sem þeir töldu bera sjúkdóminn með sér. MYND/GETTY

## Sanders klórar enn í bakkan

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur Joe Biden um tuttugu prósentu forskot á Bernie Sanders í forvali Demókrata á forsetaframbjóðanda. Þeir tókust á í áhorfendalausum kappæðum hjá CNN á sunnudaginn.

**STJÓRN MÁL** Kosid verður í fjórum ríkjum Bandaríkjanna í dag í forvali Demókrata á forsetaframbjóðanda fyrir kosningarnar í nóvember. Þeir Bernie Sanders og Joe Biden sem keppa um útnefningu flokksins mættust í kappæðum á CNN á sunnudaginn. Mikið var í húfi fyrir Sanders sem dregist hefur verulega aftur úr varaforsetanum fyrrverandi í kjörmannafjölda. Biden hefur nú 890 kjörmenn en Sanders aðeins 736.

Engir áhorfendur voru á kappæðunum vegna kórónafaraldursins og telja menn það hafa komið Sanders illa enda er hann gjarnan í essinu sínu á fjölmönnum fundum.



Frambjóðendurnir Joe Biden og Bernie Sanders heilsast með olnbogabandi fyrir kappæðurnar á CNN. Kosid verður í fjórum fylkjum í dag. MYND/AFP

Biden þótti landsfödurlegur og kom fyrir eins og þjóðarleiðtogi sem þjóðin getur treyst í neyðarástandi eins og nú ríkir í Bandaríkjunum og annars staðar í heiminum.

Þau tíðindi urðu í kappæðunum að Biden sló því föstu að varaforsetaefni hans yrði kona. Nokkrar

konur þykja líklegri en aðrar og meðal þeirra sem oftast eru nefndar eru þingkonurnar og uppgjafaframbjóðendurnir Kamala Harris og Amy Klobuchar. Einnig hefur verið nefnd Stacy Abrams, fulltrúi á ríkisþingi Georgíu.

Öll ríkin sem kosid verður um

í dag eru stór og hafa fjölda kjörmanna. Sé litið til fyrri reynslu Sanders sem var einnig í framboði 2016, getur hann ekki reitt sig á að hifa upp möguleika sína í dag, en Hillary Clinton hafði betur en hann í öllum ríkjum fjórum sem kjösa í dag. Stærst þeirra er Flórída með 219 kjörmenn. Í forkosningunum 2016 sigraði Hillary Clinton Sanders með yfirburðum í því ríki og fékk rúm 66 prósent atkvæða. Mun mjórri var á munum í næststærsta ríkinu, Illinois, sem hefur 155 kjörmenn. Þar rétt marði Clinton sigur með 50,56 prósent atkvæða og 79 kjörmenn. Hún hafði örlítið meira forskot í hinum ríkjum tveimur, Ohio og Arizona, með rúmlega 56 prósentu fylgi í báðum ríkjum.

Staðan í skoðanakönnunum hefur gerbreyst á síðustu tveimur vikum. Þann 1. mars hafði Sanders allt að því tíu prósentu forskot á Biden í könnunum. Svo sigraði Biden í Suður-Karólínu og fjölda ríkja á svokölluðum ofurþriðjudegi. Í kjölfarið rigndi yfir hann stuðningsyfirlýsingu. Hann hefur nú rúmlega tuttugu prósentu forskot og nær ómögulegt fyrir Sanders að snúa taflinu við.

adalheidur@frettabladid.is

## Stjórn Emmanuel Macron harðlega gagnrýnd fyrir að leyfa sveitarstjórnarkosningar

**FRAKKLAND** Sveitarstjórnarkosningar eru haldnar í Frakklandi þrátt fyrir að COVID-19 faraldurinn og að staðfest smit í landinu séu á sjötta þúsund og 120 manns hafa látist. Fyrri kjördagur var á sunnudag og sá seinni verður sunnudaginn 22. mars. Þátttaka á sunnudaginn var aðeins 44 prósent, sem er það langlægsta í sögunni og nú hafa stjórnvöld efasemdir um að halda seinni umferðina. En samkvæmt franska kosningakerfinu er valið á milli þeirra sem fengu flest atkvæði í seinni umferð. Til samanburðar má nefna að 64 prósent kusu í fyrri umferð í síðustu sveitarstjórnar-



Viðbúnaður við talningu atkvæða í Parísborg á sunnudag. MYND/GETTY

kosningum sem voru árið 2014.

Í París leiðir Anne Hidalgo kosninguna með rúmlega 29 prósent atkvæða, en hún hefur verið borgarstjóri fyrir Sósíalistaflokkinn síðan árið 2014. Er þetta umtalsvert betri niðurstaða en skoðanakannanir höfðu gefið til kynna. Næst á eftir er Repúblíkaninn Rachida Dati með tæplega 23 prósent og Agnes Buzyn úr Le Marche, flokki forsetans Macron, rúmlega 17, sem fara báðar í seinni umferð.

Macron og stjórn hans hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir að leyfa kosningunum að fara fram. „Seinni umferðin mun augljóslega ekki fara

fram í ljósi faraldursins. Við verðum að líta svo á að þau sem unnu fyrri umferðina séu kjörin í embætti,“ sagði Marine Le Pen, leiðtogi hinnar hægriþingpólísku Þjóðfylkingar. „Ég hvet stjórnina í einlægni að forgangsraða í þágu heilsu þegna Frakklands,“ sagði Yannick Jadot, þingmaður Græningja og fyrrverandi forsetaframbjóðandi, og hvatti til þess að seinni umferð yrði frestað.

Boðað hefur verið til fundahalda, undir leiðsögn Edouard Philippe forsætisráðherra, um framtið kosninganna með bæði vísindaráðgjöfum ríkisstjórnarinnar og leiðtogum annarra flokka. – khg



SAMTAL UM SJÁVARÚTVEG

IV

# Hvernig aukum við nýsköpun í sjávarútvegi?



## Netfundur Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um nýsköpun – 18. mars

Fundurinn er sá fjórði og síðasti í fundaröð samtakanna, Samtal um sjávarútveg. Markmið fundanna er að leiða saman fólk úr ólíkum áttum til að ræða málefni sjávarútvegsins á breiðum grunni. Frummælendur hafa ólíkan bakgrunn og mun hver þeirra ræða sína sýn á hvernig auka má nýsköpun í sjávarútvegi og tengdum greinum.

Vegna aðstæðna í samfélaginu verður fundurinn aðeins sendur út á netinu, en verður að öðru leyti með sama sniði og fyrri fundir. Í lok fundar verða pallborðsumræður og tekið við spurningum frá áhorfendum á netinu. Öll þau sem láta sig nýsköpun eða sjávarútveg varða eru hvött til að taka þátt.

### FRUMMÆLENDUR



**Guðmundur Hafsteinsson**  
sérfræðingur í nýsköpun



**Katrín Pétursdóttir**  
forstjóri Lýsis hf.



**Berta Danielsdóttir**  
framkvæmdastjóri  
Íslenska sjávarklasans



**Ingólfur Árnason**  
framkvæmdastjóri  
Skagans 3X



**Þórlundur Kjartansson**  
pistlahöfundur  
á Fréttablaðinu



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**  
framkvæmdastjóri SFS

### FUNDARSTJÓRI – Í PALLBORÐI

- /// Morgunfundur í beinni á netinu
- /// Miðvikudagur 18. mars kl. 09:00–11:00
- /// Nánari upplýsingar á [www.sfs.is](http://www.sfs.is)



**Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi**



# Gagnsæi og traust



Sigvatur Armundsson  
sighvatur@frettabladid.is

**V**íð munum smátt og smátt venjast þeim miklu breytingum sem verða á daglegu lífi á tímum COVID-19 faraldursins. Án þess að lítið sé gert úr þeim vanda og áskorunum sem við stöndum frammi fyrir er stundum hollt að setja hlutina í samhengi. Ísland er þrátt fyrir allt vel sett í efnahagslegu tilliti og með öflugt heilbrigðiskerfi. Í samanburði við kynslóðir sem upplifðu heimsstyrjaldir og farsóttir á tímum mun frumstæðara heilbrigðiskerfis höfum við það bara nokkuð gott.

Ólíkt því sem gerst hefur víða í heiminum kom samkomubann hér ekki á óvart. Það var talað lengi um að þetta væri eitt þeirra úrræða sem í boði væru en mikilvægt væri að tímasetja það rétt. Nú er sá tími kominn og þetta skref rökrétt framhald í stigvaxandi viðbúnaði stjórnvalda. Ljóst er að ferðalög milli landa munu innan skamms leggjast nánast alveg af enda er sífellt fleiri landamærum lokað. Þetta er veruleiki sem við þurfum að sætta okkur við en við vitum líka að þetta ástand varir ekki að eilífu.

Sem betur fer benda fyrstu niðurstöður úr skimunum Íslenskrar erfðagreiningar til þess útbreiðsla kórónaveirunnar sé enn sem komið er ekki mikil. Það getur þó breyst fljótt og þess vegna er afar mikilvægt að enginn sofni á verðinum. Með þeim aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til virðist hafa tekist að hægja á útbreiðslu veirunnar. Þeir aðilar sem standa í fremstu völginu þessarar baráttu eiga hrós skilið fyrir vinnu sína enda hefur þessi eftirtektarverði árangur vakið athygli utan landsteinanna. Áskorunum á þó enn eftir að fjölga mikið og þær eiga eftir að stækka.


Á tímum sem þessum skiptir miklu máli að traust ríki í samfélaginu og á stofnunum þess. Slíkt er ekki sjálfgefið því traust er áunnið. Með viðbrögðum sínum og aðgerðum hefur stjórnvöldum tekist að vinna sér inn þetta traust. Þótt erfitt sé að taka ákvarðanir á svona miklum óvissutímum er auðvitað ekkert hæfið yfir gagnrýni. Þær raddir heyrast að meira þurfi að gera til að mæta fyrirsjáanlegum vanda atvinnulífs og almennings. Ríkisstjórnin ætlar nú að svara þessari gagnrýni og kynna enn víðameiri aðgerðir en þegar höfðu verið kynntar. Það er jákvætt og í takti við ummæli forsætisráðherra um að í raun færi fram sífellt mat á hinni sibreytilegu stöðu.

Í þeirri vinnu sem er fram undan er afar mikilvægt að stjórnvöld kalli að borðinu til samráðs og upplýsingagjafar víðeigandi aðila í samfélaginu. Aðeins með gagnsæi og samvinnu mun takast að viðhalda nauðsynlegu trausti. Það er forsenda þess að vel til takist, bæði í bráð og lengd.



Aðeins með gagnsæi og samvinnu mun takast að viðhalda nauðsynlegu trausti. Það er forsenda þess að vel til takist, bæði í bráð og lengd.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Breytt hátiðahöld

Margir eru nú þegar orðnir langþreyttir á veirunni miklu. Í Skógarhlíð eru vonir bundnar við að ástandið verði að mestu gengið yfir í júlímánuði. Fram að því þurfum við að taka annan snúning á okkar hefðbundnu hátiðisdaga. Fram undan megum við gera ráð fyrir því að halda upp á tálmasunnudag, Háskadag, hámhörfningsdaginn, mæðudaginn, Netflijdaginn síðasta, hóstadag verkalyðsins og auðvitað 17. júní, sóttkvíadag Íslendinga.

### Von fyrir mannkyn

Tímar sem þessir eru gróðrastia rangra upplýsinga, vantrausts á opinberum upplýsingum, illa ígrundaðra spádóma og tilgangslausra samsæriskennings. Meira að segja eru dæmi um prófessora sem vilja gera sig gildandi með færslum á samfélagsmiðlum um hvers vegna eitthvað sé svona en ekki hinsegin.

Freistandi er fyrir fjölmiðla að leita í viskubrunn þeirra sem tala í fyrirsögnum, hefur sem betur fer verið lítið af slíku í tengslum við COVID-19. Einn fjölmiðill má fá sérstakt hrós fyrir að biðja fólk um að vera skynsam og yfirvegað, það er Útvarp Saga. Það er mögulega von fyrir mannkynið eftir allt saman.

arib@frettabladid.is

## Mestu verðmætin eru fólk



Logi Einarsson  
formaður Samfylkingarinnar

**Þ**etta hefur nú verið meiri veturinn. Hann hefur sýnt okkur hversu berskjölduð við getum verið gagnvart aðstoðjandi ógnum og náttúruhamförum, sýnt gildi þess að standa saman og sýna hvert öðru tillitssemi – en líka afhjúpað veikleika eftir áralanga hægristjórn, gloppur í velferð og afleiðingar vanrækslu innviða.

Mestu verðmæti samfélagsins eru fólk þess þess myndar. Við þekkjum því miður á hverjum náttúrulegar og manngerðar plágur bitna harðast: á fátækum, veikum og börnum – viðkvæmu fólk. Við þurfum því að verja og styrkja velferðina og fjárfesta í verkefnum og innviðum sem skila okkur betra framtíðarsamfélagi. Gæta þarf að því að aðgerðirnar vinni gegn ójöfnuði. Við þurfum að ráðast í róttækar aðgerðir til skamms tíma án þess að missa sjónar af langtíma verkefnum okkar.

Fyrirtæki eru mikilvæg forsenda þess að næg verðmæti séu búin til, svo hægt sé að standa undir góðum lífsgæðum og félagslegum stöðugleika. Það verður að styðja við fjölbreytt fyrirtæki, ekki síst þau litlu og meðalstóru, þar sem jafnvil bara ein manneskja skapar verðmæti úr hæfileikum sínum og hugviti. Við verðum að koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir bestu getu en vera tilbúin með úrræði fyrir þau sem sagt er upp. Hækka atvinnuleysisbætur sem eru í sögulegu lágmarki.

Bankarnir, sem voru hrappar síðustu efnahagskreppu, fá nú tækifæri til að sýna samfélagslega ábyrgð; verða hluti af lausninni með því að greiða fyrir hagstæðari lánum til heimila og fyrirtækja, sýna þolinmæði og sveigjanleika á þessum óvissutímum. Auðvelda þarf fólk endurfjármögnun á húsnæðislanum og skoða frýstingu á afborgunum eða leigu. Til lengri tíma ættu stjórnvöld að leggja metnað í uppbyggingu hagkvæms húsnæðis – gera stóratök til að tryggja húsnæðisöryggi fólks.

Þetta og vissulega margt fleira þarf að koma til. Samfylkingin mun leggja sitt af mörkum á þessum erfiðu tímum, sýna aðhald, stunda uppbyggilega gagnrýni og vinna málefnalega að því að tryggja að samfélagið komi sem best út úr þeim hremmingum sem við nú lifum.



Við verðum að koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir bestu getu en vera tilbúin með úrræði fyrir þau sem sagt er upp.

**weber** **Heitustu grillin!**

**Genesis® II E-415 GBS**

Verð: 208.500 kr.

[weber.is](http://weber.is)



# Líffræðileg fjölbreytni varðar okkur öll



**Ari Trausti Guðmundsson**  
Þingmaður  
Vinstri grænna



Hugtökin líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi eru algeng í umræðu um loftslagsbreytingarnar. Alla jarðsöguna, sem nær yfir meira en 4.000 milljón ár, hafa lífsskilyrði breyst; loftslag kólnað og hlýnað, mest áberandi á mjög stórum mælikvarða. Langoftast hafa loftslagsbeltin verið hlýrri en okkur myndi þykja í góðu hófi. Svokallaðar ísaldir eru aðeins fáeinir í jarðsögunni. Þá skiptast á köld jökulskeið og miklu hlýrri hlýskeið. Núverandi ísöld (sú kvartera) hefur sett mark sitt á jörðina í um það bil þrjár milljónir ára og hafa þá 15 til 20 jökul- og hlýskeið skipst á. Þetta er meginábil mannsins, stutt þróunarsaga frá frumverum í Afríku til um sjö milljarða mannsafns. Hlutfallslega mannmörgu skrefin til ólíkra arfgerða, sem allar eru háþróaðar, tók maðurinn á síðasta jökulskeiði sem hófst fyrir um 115.000 árum og lauk fyrir um 11.000 árum.

Á allmörgum árbúsundum, núverandi hlýskeiði, höfum við mennirnir margfaldast að höfðatölu og smám saman stundað æ flóknari náttúrunytjar sem hafa náð úr hófi fram. Á innan við tveimur öldum höfum við skapað, með iðnbyltingu og ofurneyslu, hættulegt ójafnvægi



**Við horfum á illa farið eða örfoka land og vitum að vistkerfi þar þurfa aðstoðar við og að þau vantar með öllu sums staðar.**

í kolefnisbúskap jarðar. Með kunnáttu okkar og samstöðu getum við náð jafnvægi á ný en það mun taka marga áratugi, kosta mikið fé og útheimta breytt neyslumynstur, nýtt hringrásarhagskerfi. Framundan, á mælikvarða árbúsunda, kann að biða nýtt jökulskeið sem getur með engu móti haft áhrif á gerðir okkar nú vegna þess að við berum meginábyrgð á komandi öldum.

Fjölbreyttar lifverur og styrk en breytileg vistkerfi eru nauðsynleg þeim náttúrunytjum og kolefnisbúskap sem við erum háð. Þess vegna eru engin skil á milli viðbragða og áætlana til að andæfa loftslagsbreytingum og aðgerða sem stuðla að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Hér á landi er okkur annað um lífríkið í sjónum og nytjastofna þar. Við horfum á illa farið eða örfoka land og vitum að vistkerfi þar þurfa aðstoðar við og að þau vantar með öllu sums staðar.

Ánægjulegt er til þess að vita að ungt fólk hefur tekið höndum saman hér á landi og einnig á Norðurlöndunum til eflingar líffræðilegrar fjölbreytni. Markmiðið í fyrstu er að taka með öflugum hætti þátt í vinnu á vegum Sameinuðu þjóðanna sem vekja á fjöldann til vitundar um líffræðilega fjölbreytni og skipuleggja aðgerðir til góðs.

# Hvað getur borgin gert?



**Eyþór Arnalds**  
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Hér eru markvissar aðgerðir til að vernda framtíðartekjur borgarinnar.

Tillögurnar eru þessar:

- 1 Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði verði lækkaður í 1,60% frá og með fyrsta apríl nk.
- 2 Farið verði í gjaldskrárlækkanir á atvinnulíf.
- 3 Gjaldfrestur vegna fasteignaskatta verði rýmkaður fyrir fyrirtæki í tímabundnum vanda.
- 4 Ráðist verði í viðhaldsátak á húsnæði og innviðum borgarinnar.
- 5 Reykjavíkurborg fari í markaðsátak í höfuðborginni í samstarfi við ferðaþjónustu og ríki þegar aðstæður skapast.

Þessar tillögur eru þess eðlis að allir ættu að geta verið sammála um þær sama í hvaða flokki þeir standa. Nú er tækifæri fyrir borgarstjórn að sýna samstöðu og styrk.

## Borginni ber að leiða

Svipaðar hugmyndir hafa verið ræddar hjá öðrum sveitarfélögum, en Reykjavíkurborg er langstærsta sveitarfélagið og ber að leiða þessi mál. Í dag á jafnframt að taka fyrir nýja ferðamálastefnu borgarinnar. Rétt væri að endurskoða hana í ljósi breyttra aðstæðna. Forsendur hafa gjörbreytt á fáum vikum. Nú er þörf á björgunarbátum og súrefni. Þar gegnir borgin lykilhlutverki, enda ferðamannaborg. Háir fasteignaskattar og há gjöld þarf að endurskoða. Hvert starf skiptir máli. Stöndum saman í að verja störf. Þau eru kjölfesta heimilanna. Þau eru undirstaða borgarinnar.



Innovation  
that excites

# NISSAN NAVARA

EINN BEST ÚTBÚNI PALLBÍLLINN ER ORÐINN ENN BETRI



## NISSAN NAVARA ACENTA VERÐ: 7.290.000 KR.

Nú færðu þennan vinsæla pallbíll með nýjum 8" litaskjá, uppfærðum 18" álfelgum, TSA dráttarkerfi, aukinni burðargetu, nýju NissanConnect Services appi o.m.fl.

Nissan Navara er með 190 hestafía vél, 7 gíra sjálfskiptingu, 3.500 kg dráttargetu, gormafjöðrun að aftan og 100% driflæsinga sem staðalbúnað.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



## BL kolefnisbindur notkun nýrra bíla

BL hefur gengið til samstarfs við samfélagssjóðinn Kolviður til að kolefnisbinda notkun allra nýrra bíla sem seldir eru til einstaklinga. [www.bl.is/kolefnisjofnun](http://www.bl.is/kolefnisjofnun)

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)







**Magnús Már Einarsson**  
ritstjóri fótbolta.net

„Þetta eru skrytnir tímar en það þýðir ekkert annað en að vera með bjartsýnina að vopni. Ég tippa á að UEFA fresti EM til sumarsins 2021 og umspilið fari fram í haust. Þar tryggir Ísland sér sæti á EM með glæsibrag. Þjóðadeildinni verður frestað en það er algjör óþarfi að draga aftur í riðla. Deildarkeppnin á Englandi byrjar aftur í maí fyrir luktum dyrum og klárast í byrjun júlí. Liverpool fær bikarinn afhentan í lokaleik en það verður fyrsti leikurinn með áhorfendur eftir að kórónuveiran skall á. Meistaradeildin klárast með því að sleppa því að spila heima og úti í 8-liða og undanúrslitum. Leikið verður á hlutlausum völlum og málið afgreitt. Leikmenn fá stutt sumarfrí í júlí og síðan byrjar fjörið allt saman aftur í lok ágúst.“



**Stefán Árni Pálsson**  
blaðamaður á Visi og knattspyrnulýsir á Stöð 2 sport

„Ég tel ekki miklar líkur á því að umspilsleikur Íslands og Rúmena fari fram. Hvað þá Evrópumótið og líklega verður því frestað um eitt ár. Það er mjög erfitt að átta sig á deildarkeppnunum í Evrópu en vonandi verður hægt að klára þær allar í sumar. Ég tel ólíklegt að þær hefjist á nýjan leik í byrjun apríl og kannski í lok maí. Vonandi fáum við bara úrslitaleik Meistaradeildarinnar í ágúst og sumardeildir á fullu um alla Evrópu í sumar. Það væri kannski bara stuð. Eitt er víst, það verður mjög erfitt að leysa þetta.“



**Hörður Snævar Jónsson**  
ritstjóri 433.is

„Ég á ekki von á öðru en að UEFA fresti Evrópumótinu til ársins 2021. Ég á svo ekki von á því að það verði neinn fótbolti spilaður fyrr en í lok apríl, eða byrjun maí. Deildirnar munu þá fara af stað um alla Evrópu og þær kláraðar í hraðmóti. Meistaradeild og Evrópudeildin verða svo leiknar í júní, til að hægt sé að hefja nýtt tímabil á réttum tíma næsta haust. Ég á von á því að deildirnar hérna heima fari af stað um miðjan maí, KSÍ mætti á næstu dögum



## Fordæmalaus frestun í kortunum

**Knattspyrnuspekingar og aðrir áhugamenn um fótbolta bíða eftir fundi UEFA í dag þar sem stórar ákvarðanir verða teknar og tilkynntar í kjölfarið. Fréttablaðið fékk nokkra sem eru með puttann á knattspyrnupúlsinum og fékk þá til að spá í spilin.**

**FÓTBOLTI** Neyðarfundur UEFA fer fram í dag þar sem örlög Evrópukeppninnar, Meistaradeildarinnar og Evrópudeildarinnar verða ráðin. Alls munu 55 ríki taka þátt í myndbandsfundinum og hefst hann klukkan 13 í dag. Flestir búast við einhvers konar tillögum um hvernig og hvort deildarkeppnirnar muni klárast.

Rúmlega tvö þúsund manns hafa látið á Ítalíu, sem á að halda opunarleikinn á EM 2020. Gabriele Gravina, formaður ítalska knatt-

spyrnusambandsins og Roberto Mancini, landsliðsþjálfari Ítala, hafa beðið um að keppninni verði frestað. „Sumir vilja spila áfram en aðrir ekki. Þetta gæti orðið langur fundur,“ sagði Noël Le Graët, formaður franska knattspyrnusambandsins, við TF1 í gær. Þýska ríkissjónvarpið, ZDF, leitaði að svörum hjá FIFA, hvort alþjóðaknattspyrnusambandið hefði eitt-hvað um málið að segja. Það koma einfaldlega „No comment“. [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)

koma með útfærslur fyrir félög og fjölmiðla um hvernig plönin eru. Hægt væri að gefa út plan A, B og C, eftir því hvenær er hægt að hefja mótið og hvaða leið verður þá farin. Það gefur þjálfurum og leikmönnum ágæta hugmynd um hvernig málin geta próast.“



**Elvar Geir Magnússon**  
ritstjóri fótbolta.net

„Ég er nokkuð viss um að fyrsta ákvörðunin verði að láta lands-

liðsfótbolta vikja. Evrópumótinu verður væntanlega seinkað um ár og þar með búið til svigrúm fyrir deildarkeppnir Evrópu að klára sín tímabil.

Ég býst svo við því að stærstu deildirnar muni fara gjörólíkar leiðir. Enska deildin er staðráðin í að klára sitt tímabil en þá verður bikarnum væntanlega aflýst. Forseti La Liga talar um að aflýsa tímabilinu á Spáni og Ítalía gæti smíðað úrslitakeppni til að fá niðurstöðu um meistaratitilinn, Evrópusæti og fall. Í framhaldinu þyrfti svo væntanlega að spila næsta tímabil í öðruvísi mynd.

Það verður flókið fyrir UEFA að klára Meistaradeildina og Evrópudeildina. Það eru engar líkur á því að öll lönd verði klár í slaginn á sama tíma. UEFA mun líklega einfalda þessar keppnir og fækka leikjum í þeirri von að hægt verði að krýna meistara. En það gæti reynst erfitt þúsluspil.“

Þetta eru mínar vonir sem Liverpoolkonu, það er, að tíma-bilið verði ekki slegið af. Það yrði mjög ósanngjarnt, bæði að klára deildina eins og hún stendur núna og líka að slá hana af. Frestun fram á vor er besta leiðin en hún er aðeins möguleg ef Evrópumótinu verður frestað.“



**Tómas Þór Þórðarson**  
ritstjóri enska boltans á Símanum

„Fyrsta skref verður líklega að fresta EM 2020. Það er auðveldari ákvörðun en hefði annars verið þar sem fjárhagslegur skellur fellur ekki á eitt land að þessu sinni. Þar með er allt umspil úr sögunni og UEFA búið að kaupa sér tíma fram á sumar til að hafa þar glugga til að spila einhvers konar útgáfu af Meistaradeild og Evrópudeild. Hún verður þó líklega stytta og/eða einfölduð. Hvernig UEFA ætlar samt að taka allar þessar ákvarðanir þegar sambandið veit ekki hvernig, hvenær og hvort aðildarlöndin verða tilbúin skil ég ekki alveg.

Mér finnst ekkert ólíklegt að fjórar af fimm stóru deildunum aflýsi bara tímabilinu sínu en pressan að klára ensku úrvalsdeildina er rosaleg enda langstærsta deildin þegar kemur að fjármunum. Það er alltaf ósanngjarnt fyrir einhverja að slaufa tímabilinu en í ensku deildinni eiginlega verður að spila leik Sheffield United og Aston Villa sem þau eiga inni. Sheffield gæti mögulega komist í Meistaradeild með sigri og Villa sömuleiðis sloppið við fall.

Það sem enskir glíma við er gríðarleg óvissa sem og auðvitað allur fótboltaheimurinn.“



**Kristjana Arnarsdóttir**  
íþróttafréttamaður á RÚV

„Það er auðvitað agaleg staðreynd að EM eigi að fara fram í tólf löndum í Evrópu í sumar og ég get ekki séð að þessir umspilsleikir verði spilaðir. Ég held að UEFA verði að fresta Evrópumótinu og ég sé í rauninni ekkert að því að halda EM á næsta ári. Þá verður þetta bara vonandi ein allsherjar fótboltaveisla með EM karla og EM kvenna. UEFA er líklega bara í þeirri stöðu núna að þeir eru að hugsa um Meistara- og Evrópudeildina og þá hvernig það eigi að klára það allt saman. Þetta er auðvitað eitthvað flóknasta þúsluspil sem fótboltinn hefur séð. Ég væri ekki neitt til í að vera starfsmaður UEFA þessa dagana.“



**Aðalheiður Ámundadóttir**  
blaðakona á Fréttablaðið

„Ég tel líklegast og skynsamlegast að Evrópumótinu verði frestað til næsta sumars, sem myndi þýða að Evrópumótið yrði 2021. Þessi lausn myndi gefa deildunum möguleika á að fresta þeim umferðum sem eftir eru lengra fram á vor og sumar. Ef við tökum Premier league sem dæmi, þá mætti fresta þeirri deild þess vegna fram í maí og taka svo átta umferðir í góðri skorpu sem myndi þess vegna geta teygst fram í lok júní og jafnvel byrjun júlí. Þetta væri hægt ef Evrópumótinu yrði frestað um eitt ár.



**Daniel Geir Moritz**  
formaður knattspyrnudeildar ÍBV

„Ég held að EM verði frestað um ár og stefnt verði að því að ljúka öllum keppnum í júní; Meistaradeildinni, deildarkeppnum o.s.frv. Það er allavega ljóst að grípa þarf til aðgerða og fæ ég ekkert séð sem mælir gegn því að þetta verði hægt.

Með því að færa EM til næsta árs skapast tækifæri að leika EM karla og kvenna á sama tíma. Slík tilraun gæti orðið til þess að vekja áhuga á kvennabolthanum enn frekar og tel ég rétt að prófa slíkt. Sér í lagi vegna áhugans sem skapaðist á síðasta HM kvenna.

Umspil fyrir EM karla ætti að geta farið fram í ágúst og Þjóðar-deildin ætti að geta farið fram þrátt fyrir þessar breyttu forsendur. En það yrði einhvern veginn dæmigert að þessi skrambans veira sem veiddur fótbolta- og samkomubanni myndi ná að hrífa af okkur draumariðilinn í Þjóðadeildinni.“



## Fjárhagsvandræði í kjölfarið á kórónaveirunni

**FÓTBOLTI** Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA, segir í samtali við fótbolta.net að félög hér á landi muni missa mikið af tekjum í kjölfar kórónaveirunnar. Félög eru þegar farin að finna fyrir óvissuástandinu sem nú skekur fótboltaann. „Mikið af þessum tekjum er í hættu í dag og mörg félög nú þegar að lenda í því að tekjur séu farnar að skerðast ásamt því að óvissa er um hvenær mótahald sumarsins mun byrja. Auk þess eru mörg félög með samninga sína við erlenda



Valskonur eru núverandi Íslandsmeistarar í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

leikmenn í erlendri mynt og þar er kostnaður bara að aukast með hækkun á gengi," segir Sævar meðal annars.

Hann bendir á að rekstur félaganna sé mjög viðkvæmur og tekur sem dæmi að rekstur 15 stærstu knattspyrnufélaganna á landinu árið 2018 hafi verið um 3,5 milljarðar króna en hagnaður hafi aðeins verið um 100 milljónir. „Ef það verður síðan samdráttur í tekjum upp á 20-30% þá eru þessi félög komin um 600-900 milljónir

króna í mínus. Íþróttir í dag eru orðin gríðarlega stór atvinnugrein á Íslandi og er það mitt mat að þær tekjur sem íþróttahreyfingin er að verða af núna sé eitthvað sem hún ræður ekki við.“

Danir hafa dælt peningum í íþróttahreyfinguna og vonast Sævar eftir að svipað verði á dagskrá hér á landi. „Vonandi verða yfirvöld jákvæð í garð íþróttahreyfingarinnar líkt og hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur.“ – bb



Mesut Ozil hefur nýtt sér O'Driscoll.

### Læknir neitar Liverpool

**FÓTBOLTI** Gary O'Driscoll, læknir Arsenal liðsins, hefur sagt nei takk við tilboði Liverpool og ætlar að vera áfram hjá Emirates. O'Driscoll var efstur á óskalista Liverpool eftir að Andrew Massey yfirgaf Liverpool fyrir FIFA. Fjölskylda O'Driscoll vildi frekar vera í London en hann kom til Arsenal fyrir um áratug og er mjög vel metinn innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Hann kom til Arsenal í gegnum Rugby þar sem hann var aðallæknir enska landsliðsins. Þá er hann sagður gríðarlega vinsæll innan félagsins og meðal leikmanna. Leikmenn og starfsmenn Arsenal eru í sóttkví til 24. mars eftir að stjóri liðsins, Mikael Arteta, greindist með kórónavírusinn. – bb



Mason Mount er kallaður öllum illum nöfnum í Englandi.

### Áhugamálin mismunandi

**ÍÞRÓTTIR** Flest öll lið í heiminum hafa sent leikmenn sína heim og látið þá æfa eftir æfingaplani sem þau hafa búið til. Með þessu fá leikmenn aukatíma og þá er mismunandi hvað leikmenn og íþróttamenn taka sér fyrir hendur.

Margir virðast, samkvæmt samfélagsmiðlum, spila tölvuleiki, á meðan aðrir gera eitthvað annað. Þannig er Fernando Alonso, fyrrverandi ökuþór í Formúlunni, að æfa sig að mála en Formúlan hefur ekki enn farið af stað.

Hjólreiðamenn virðast vera í bestri aðstöðu því þeir hjóla saman í gegnum tölvuna og halda sér svona þokkalega í formi.

Þótt flestir hljóði sóttkvíarskipuninni finnast alltaf svartir sauðir. Leikmaður Chelesa, Mason Mount, er búinn að fá allhressilega á baukinn eftir að hann náðist á mynd spila fótbolta við félag sína. Mount á að vera í sóttkví og gengu ensku blöðin all hressilega fram vegna heimskunnar í guttanum. – bb

## TILMÆLI TIL VIÐSKIPTAVINA VEGNA COVID-19

# Sýnum skynsemi og fyrirhyggju

Við hvetjum viðskiptavini okkar til að sýna aðgát og draga úr smithættu eins og kostur er.

Góðar leiðir til þess eru að forðast annatíma og koma í Vínbúðina snemma dags eða snemma vikunnar þegar minna er að gera. Einnig er sjálfsagt að **handleika ekki vörurnar í versluninni að óþörfu** og síðast en ekki síst að **nota rafræna og snertilausa greiðslumáta**.



# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1917** Blaðið Tíminn hefur göngu sína.

**1969** Golda Meir, frá Wisconsin í Bandaríkjunum, verður forsætisráðherra Ísraels.

**1974** Sölubanni OPEC-ríkjanna er aflétt og oliukreppa tekur enda.

**1987** Alþingi samþykkir ný lög sem afnema prestskosningar að mestu.

**1988** Fyrsta íslenska glasabarnið fæðist og er það tólf marka drengur.

**1991** 77% kjósa með áframhaldandi sameiningu Sovétríkjanna í þjóðaratkvæðagreiðslu en sex sovétlýðveldi hunsa kosninguna.

**2001** Atkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkflugvallar er haldin í Reykjavík.

**2008** Gengisvísitala íslensku krónunnar fellur um 6,97%. Það er mesta lækkun hennar á einum degi til þessa.



Okkur leiðist ekkert. Í galla og með skídagleraugu komumst við alveg milli húsa,“ segir Ingibjörg. MYND/ADSEND

## Snjóflóðahættan hér trompar samkomubann

Í Lýðháskólanum á Flateyri var rólegur innidagur í gær og kennarar og nemendur lásu, spiluðu og horfðu á bíómyndir. Rýming vegna snjóflóða var í gangi í efstu húsum bæjarins og nemendur höfðu kvöldið áður rýmt hluta nemendagarðanna, til öryggis.

Ingibjörg Guðmundsdóttir, skólustjóri Lýðháskólans á Flateyri segir lífið þar nokkuð laust við veiruáhrifin enn. „En veðrið hér er þannig núna (í gær) að rýming vegna hættu á snjóflóðum er að hefjast í húsum efst í þorpinu. Nemendagarðarnir okkar eru ekki á rýmingarsvæði en við rýmdum þó hluta þeirra í gærkvöldi, öryggisins vegna,“ lýsir hún.

Ingibjörg segir nemendur hafa flutt inn í kennsluhúsnæðið, bæði í Höllinni, sem er skólahúsið, og í samkomuhúsið. „Því er bara rólegur innidagur í dag, hálfgerður náttfatadagur. Við bara

lesum, spilum og horfum á bíómyndir. Hér hefur sem sagt samkomubanni verið frestað vegna veðurs – snjóflóðahættan trompar samkomubann. Væntanlega munu nemendur okkar líka gista „að heiman“ næstu nótt en við tókum bara einn dag í einu. Okkur leiðist ekkert. Í galla og með skídagleraugu komumst við alveg milli húsa.“

Tuttugu og sex nemendur eru við skólann og kennslan er á tveimur brautum, Útivistarbraut og Hugmyndabraut. Sú kennsla sem fram fer innan dyra á Útivistarbraut er í samkomuhúsinu, en Hugmyndabraut er kennd í Höllinni.

Ingibjörg segir búið að setja upp

skipulag vegna Covid-19 faraldursins. „Við erum í ágætu rými til kennslu þannig að við erum í góðum málum. Útivistarbrautin mætir fyrr í morgunmat og svo kemur hin á eftir, þannig er það líka í hádeginu.“

Hún kveðst afar heppin með nemendurnum. „Þetta eru samheldnir snillingar sem taka öllu þessu af einstakri ró og yfirvegun, sjá jákvæðni og gleði og mikla möguleika á leik og samveru. Ég er svo óendanlega stolt af þeim og í raun mjög fegin því hversu öflugur hópur þetta er – það er sko ekki sjálfgefið.“

gun@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Guðmundur Ingimundarson**  
Þorsteinsgötu 17,  
Borgarnesi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi 6. mars.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu mun útförin fara fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Brákarhlíð.

**Margrét Guðmundardóttir** **Jóhannes Ellertsson**  
**Pálmi Guðmundsson** **Elin Magnúsdóttir**  
afa- og langafabörn.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Anna Júlíusdóttir**  
Strikinu 3, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold föstudaginn 28. febrúar.

Útför hennar fór fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir góða umönnun til starfsfólks Ísafoldar.

**Mary Bjarnadóttir** **Ragnar Austmar**  
**Guðmundur Bjarnason** **Kristjana Jónatansdóttir**  
**Sigríður Hrönn Bjarnadóttir** **Magnús Heimisson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Anna Helene Christensen**  
Hringbraut 57, Hafnarfirði,

lést á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi, föstudaginn 13. mars.

Í ljósi óvanalegra aðstæðna í samfélaginu um þessar mundir mun útförin fara fram í kyrrþey. Minningarathöfn verður haldin síðar.

**Helga Guðmundsdóttir** **Sigurbjörn Snæþórsson**  
**Jónína Rós Guðmundsdóttir** **Valgeir Gestsson**  
**Hanna Petra Guðmundsdóttir**  
barnabörn og langömmubörn.



**Gunnar Þór Kristjánsson**  
vélfræðingur,  
Torfufelli 40, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á gjörgæsludeild LSH mánudaginn 9. mars og verður jarðsúnginn

þriðjudaginn 17. mars kl. 15.00 í Neskirkju Sérstakar þakkir fær starfsfólk LSH sem annaðist hann fyrir umönnun og hlýju í garð Gunnars.

**Ingunn Jónsdóttir**  
**Anton Pétur Gunnarsson** **Elsa Inga Konráðsdóttir**  
**Andri Jóhannesson** **Anna Catarina Tágmark**  
**Anna Fanney Gunnarsdóttir** **Ragnheiður Birgisdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, amma og langamma,  
**Erla María Sveinbjörnsdóttir**  
Strikinu 3, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold, Hrafnistu, sunnudaginn 8. mars.

Í ljósi aðstæðna fer útför hennar fram í kyrrþey. Aðstandendur þakka starfsfólki Ísafoldar góða aðhlyningu og auðsýnda alúð.

**Þorgeir, Anna og Sigríður Ingólfssbörn,**  
barnabörn og langömmubörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Elsa Friðdís Kristjánsdóttir**

Lækjargötu 30,  
Hafnarfirði,

lést 11. mars.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 19. mars kl. 13.00.

**Guðmundur Torfason**

**Halldóra Kristin Guðmundsdóttir** **Sveinn Rafn Ingason**  
**Torfi Guðmundsson** **Lilja Birkisdóttir**  
**Brynja Guðmundsdóttir** **Lárus Skúli Guðmundsson**  
**Anton Guðmundsson** **Guðbjörg Jakobsdóttir**  
**María Hrund Guðmundsdóttir** **Þórir Valdimar Indriðason**  
ömmu- og langömmubörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

**Thors B. Eggertssonar**  
rafeindavirkja,  
Sóleyjaríma 15,  
Reykjavík.

**Margrét Skarphéðinsdóttir**



Ástkær faðir minn, sonur, bróðir og mágur,  
**Benedikt Bragason**

lést á Landspítalanum Fossvogi, laugardaginn 14. mars 2020. Vegna þjóðfélagsaðstæðna fer jarðarförin fram í kyrrþey.

Minningarathöfn verður haldin þegar þjóðfélagsaðstæður leyfa og verður auglýst síðar.

**Benóný Orri Benediktsson**  
Bergljót Sveinsdóttir

**Sveinn Magnús Bragason** **Björk Gunnarsdóttir**  
**Soffía Emelía Bragadóttir** **Lilja Bragadóttir**  
**Guðrún Björg Bragadóttir** **Michael Sigþórsson**  
**Trausti Bragason**





FRIDJUDAGUR 17. MARS 2020

Heilsa

**VERTU LAUS  
VIÐ VERKI**

BÓLGUEYÐANDI, VÖÐVASLAKANDI  
OG VERKJASTILLANDI



Fæst í apótekum, heilsubúðum  
og [www.heilsanheim.is](http://www.heilsanheim.is)



Nolan Williams hefur spilað krikket frá því hann var barn við Karibahafið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Félagsleg víkingaíþrótt

Krikket hefur ekki verið sérlega fyrirferðarmikil íþrótt á Íslandi undanfarið þó að færa megi rök fyrir því að víkingar hafi fundið upp leikinn. Nolan Williams hjá Krikketsambandi Íslands vinnur nú hörðum höndum að því að kynna þessa íþrótt fyrir Íslendingum, jafnt fyrir börnum sem fullorðnum. ➔2



## Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sandragudrun@frettabladid.is



**N**olan Williams kemur frá Karíbahafinu þar sem krikket er mjög vinsæl íþrótt. Hann spilaði krikket þar sem barn og hélt því áfram eftir að hann flutti til London þegar hann var unglingur. „Ég flutti svo til Íslands árið 2011 eða 2012 og þá byrjaði ég að spila hér,“ segir Nolan. Það var í kringum aldamótin sem krikket kom til Íslands, ef undanskildar eru frásagnir í Íslendingasögnum um krikketleiki hér á landi á víkingaöld. Nolan segir að til að byrja með hafi það verið nokkrir menn sem komu saman og spiluðu krikket á Klambartúni. Síðan hafi verið svöltil lögð yfir íþróttinni en um það leyti sem Nolan flutti til Íslands voru nokkrir menn að vinna í því að endurvekja leikinn hér á landi og Nolan spurði hvort hann mætti ekki ganga til liðs við þá.

„Við bjuggum til stjórn og regluverk í kringum íþróttina og komum skipulagi á hana. Okkur langar til að verða hluti af Alþjóðlega krikketsambandinu og erum að vinna að því að uppfylla þau skilyrði sem þarf til þess. Við erum til dæmis komin með þrjú lið, í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. En við spiluðum fyrsta landsleikinn okkar gegn Sviss árið 2017. Okkur langar líka að vera hluti af Íþróttasambandi Íslands, það myndi hjálpa okkur við fjármögnun félagsins því eins og staðan er í dag þá erum við bara hópur af mönnum sem fjármögnum þetta allt sjálfir,“ segir Nolan.

Undanfarið hafa Nolan og félagar unnið að því að kynna krikket fyrir grunnskólabörnum og segir Nolan að því hafi verið mjög vel tekið. „Fram að þessu erum við búin að kynna íþróttina í fjórum skólum og við tókum líka þátt í BeActive deginum í haust. Ég var meðal annars að kynna krikket fyrir 200 grunnskólabörnum í Hafnarfirði í síðustu viku.“

Nolan segir það hafa komið sér á óvart hversu margir krakkar virtust kannast við íþróttina. „Mörg höfðu annað hvort heyrt um hana eða séð hana einhvers staðar. Við kynnum leikinn á einfaldan hátt í skólunum en við erum líka með íþróttaskúla fyrir börn sem er haldinn að hluta til í íþróttahúsinu í Digranesi. Við erum að kenna krökkunum eitthvað nýtt af því það er mikið um handbolta, fótbolta, körfubolta og þessar vinsælu íþróttir, svo þetta er annar valmöguleiki fyrir þau.“

## Mjög alþjóðlegt lið

Enn sem komið er eru flestir leikmenn krikketliðanna á Íslandi af erlendum uppruna en Nolan vill endilega fá fleiri Íslendinga í liðin. „Það er mikið af útlendingum af ólíkum uppruna sem mynda liðið okkar. Margir koma frá löndum þar sem krikket er mikið spilaður og fyrir þá er gott að vita að hér á landi sé líka hægt að spila. Í liðinu er fólk frá Karíbahafinu eins og ég, frá Englandi, Ástralíu, Suður-Afríku, Indlandi, Pakistan, Srí Lanka og Íslandi svo þetta er mjög alþjóðlegt lið,“ útskýrir Nolan.

Eitt af því sem heillar Nolan við krikket er félagslegi þátturinn. „Þetta er mjög félagsleg íþrótt, hún er eitt af því sem þú annað hvort elskar eða hatar. Þú getur farið á krikketleik ekki bara til að njóta þess að horfa á íþróttina sjálfa heldur til að njóta félagsskapar vana og fjölskyldu. Njóta þess að borða nesti saman og hlæja og hafa



Íslenska krikketlandslíðið er samsett af spilurum frá ýmsum löndum sem búa á Íslandi.



Nolan hefur kynnt krikket fyrir íslenskum börnum sem eru mjög áhugasöm um íþróttina.



Krikket er fyrir alla. Líka furðuverur.

„Njóta þess að borða nesti saman og hlæja og hafa gaman. Það er það sem leikurinn snýst um hjá mér.“

gaman. Það er það sem leikurinn snýst um hjá mér.“

Nolan útskýrir að margar tegundir séu til af krikket. Hefðbundinn leikur sem er oftast spilaður í landsleikjum tekur fimm daga. „Leikurinn reynir á úthald og hæfni. Eitthvað nýtt getur gerst alla þessa fimm daga. Leikurinn er alltaf að breytast. Einn daginn hefur liðið þitt yfirhöndina og næsta dag hitt liðið. Það er ein ástæða þess að leikurinn er mjög félagslegur. Það er hægt að mæta og fylgjast með einn dag af þessum fimm eða bara hluta dags, ásamt vinum og fjölskyldu og njóta saman þess hluta leiksins sem er í gangi þá stundina.“

Að horfa á heilan fimm daga íþróttaleik er ansi mikið og jafnvel tveir timar er langur tími í hugum sumra. Þess vegna hefur verið búin til styttri útgáfa af leiknum sem kallast 20/20. „Þessi útgáfa af krikket var búin til til þess að laða að yngri kynslóðir og fleiri áhorfendur. Þetta er mjög vinsæl útgáfa af leiknum, hún er mun arðbærari af því leikirnir eru styttri. Í þessari útgáfu er mikið um tónlist og búninga. Ef þú sérð fyrir þér bandarískan fótbolta með klappstýrum og öllu því sem fylgir, þá er þetta svipað, það er verið að reyna að skapa svipað andrúmsloft. Margir ungir og uppenandi krikketspilurar sækja í að spila þessa tegund af krikket.“

Nolan segir að það gangi vel að kynna íþróttina fyrir Íslendingum en margt hefur breyst frá því krikket á Íslandi var bara nokkrir menn að spila saman á Klambartúni. Krikketsambandið er nú komið með eigin útivöll í Hafnarfirði sem talinn er vera nyrsti krikketvöllur í heimi. Á veturna eru æfingar í Digranesi.



# Að byggja upp sterkt ónæmiskerfi getur skipt sköpum

Lítið kemst að þessa dagana annað en kórónaveiran og COVID-19. Veiran hefur dreift sér hratt um heimsbyggðina og erfitt er að átta sig á framhaldinu. Það eina sem við getum gert er að fylgja reglum Embættis landlæknis og huga vel að okkar eigin heilsu, bæði líkamlegri sem andlegri.

Eins og Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, benti á, bendir flest til þess að 40% smitaðra séu einkennalaus. Því er það mjög mikilvægt fyrir hvern og einn að byggja upp sitt eigið ónæmiskerfi til að gera líkamanum kleift að takast sem best á við flensur og aðrar veirusýkingar.

## Meltingin er grunnurinn

Nýjustu rannsóknir staðfesta alltaf betur og betur hversu mikilvægt það er að hafa meltingarfærin í lagi og hvaða áhrif þarmaflóran hefur bæði á líkamlega og andlega líðan. Að auki spilar hún stórt hlutverk í að viðhalda öflugu ónæmiskerfi. Við þurfum að geta brotið fæðuna vel niður til að næringarefni frásogist en til þess að það gerist þarf þarmaflóran að vera í jafnvægi. Meltingarfærin eru því það fyrsta sem við þurfum að huga að til að geta nærst vel því um leið og upptakan er góð og við skilum frá okkur eðlilegum hæðum kemst betra jafnvægi á og höfum við stigið stórt skref í átt að heilbrigðara lífi. Það má líkja þessu við að við séum að byggja hús og við byrjum á grunninum. Því traustari og vel gerðari sem grunnurinn er, þeim mun auðveldara verður að byggja ofan á þannig að allt haldi vel.

## Góður og grænn á morgnana


Góður grænn morgunþeytingur (smoothie) er fullur af næringarefnum og trefjum sem eru bæði nauðsynleg og góð fyrir meltinguna. Vel samsettur þeytingur hefur líka jákvæð áhrif á blóðsykurinn og getur hjálpað í baráttunni við sykurlúkann. Það þarf ekki að vera flókið að skella í góðan drykk og tekur varla meira en 2-3 mínútur.

## Grænn og vænn:

**1 lúka blönduð græn blöð, spinat eða grænkál**  
**½-1 banani (má vera frosinn)**  
**1 bolli frosið mangó eða t.d. ananas**



Mikilvægt er að huga að góðum svefni, hreyfingu og hollri næringu til að byggja upp öflugt ónæmiskerfi.



**1-2 cm engifer**  
**Smá sitrónusafi**  
**1,5 bolli vatn eða t.d. möndlu- eða haframjól**

Ýmislegt má svo nota til að „poppa drykkinn aðeins upp“ en það getur verið smá kanill, túrm-erik, 1 msk. hörfræ eða chiafræ, smá epladús eða tvær döðlur til að sæta aðeins. Berjadrykkir eru líka einstaklega næringarríkir og um að gera að finna hvað hentar.

## Preyta eftir máltíðir

Ensím eru nauðsynleg í öllum efnaskiptum í líkamanum en í hráu fæði eru ensím sem verða óvirk við eldun. Þegar við borðum eldaðan og unninn mat notar líkaminn orkuna í að finna og flytja ensím til meltingarvegarins, en hver hefur ekki fundið fyrir þreytu eftir stórar máltíðir? Með

hækkandi aldri gerist það líka að framleiðsla ensíma í líkamanum minnkar en ensímskortur getur lýst sér í eftirfarandi:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Ónot í maga og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Það er alltaf mikil-

vægt að borða „lifandi fæðu“ eins og grænmeti og ávexti með elduðum mat og fjölmargir hafa einnig fundið lausn í að taka inn meltingarensím til að auðvelda líkamanum verknið og nýta fæðuna betur. Þetta er einnig grundvallaratriði í átt að heilbrigðari lífsstíl. Meltingarensím frá Enzymedica eru tekin inn með mat og hafa losað fólk við ótrúlegustu óþægindi og auknið orku til muna. Aðferð við vinnslu á Enzymedica ensímunum kallast Thera-Blend og er það einkaleyfisvarin aðferð sem gerir þeim kleift að vinna á mismunandi pH-gildum í líkamanum sem gerir þau mörgum sinnum öflugri en önnur meltingarensím.

## Öflugasta viðbótin

Fyrir utan D-vítamín og Omega-3 fitusýrur sem eru okkur lífsnauðsynleg, eigum við að taka inn öflugra mjólkursýrugerla. Það er stöðugt álag á meltingunni og atriði eins og streita, lyf, áfengi, sykur og koffín valda því að þarmaflóran er ekki í nógu góðu jafnvægi. Bio Kult mjólkursýrugerlarnir eru mjög öflugir og til að efla ónæmiskerfið enn frekar er talið að Bio Kult Candéa hafi mjög góð áhrif. Auk 7 gerla-

stofna innheldur Bio Kult Candéa hvítlauk sem er bakteríudrepandi og mjög öflugur fyrir ónæmiskerfið og GSE (Grapefruit Seed Extract) sem inniheldur öflug efnasambönd sem talin eru efla varnir líkamans gagnvart fjölmörgum bakt-eríutegundum, veirum og sveppum.

Digest Gold og Bio Kult Candéa fást í apótekum og heilsuhillum stórmarkaða.



## Taktu fagnandi á móti deginum með Saffrox!

Saffrox inniheldur 28mg af affron® sem er virka efnið í Saffron kryddjurtinni ásamt útvöldum vítamínum og steinefnum.

**Saffrox er 100% náttúrulegt.**

- Magnesium stuðlar að að eðlilegri starfsemi taugakerfisins og dregur úr þreytu og lúka.
- B6-vítamín stuðlar að eðlilegri sálfræðilegri starfsemi, auk þess að halda reglu á hormónastarfsemi líkamans.
- B12 stuðlar m.a. að eðlilegri starfsemi tauga- og ónæmiskerfisins.

Fást í apótekum og heilsuhúsum.



Vítamín eru ekki ætluð til þess að lækna sjúkdóma eða koma í veg fyrir þá og fæðubæfni eiga ekki að koma í staðinn fyrir fjölbreytt og hollt mataræði.



# Veiran getur lifað ansi lengi

Vísindamenn á vegum bandarískra heilbrigðisyfirvalda hafa rannsakað hve lengi Covid-19 veiran lifir í lofti, á ryðfríu stáli, plasti og pappa. Rannsóknina má lesa um á vefnum medrxiv.

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



**S**amkvæmt rannsókninni getur veiran lifað í loftinu í allt að þrjár klukkustundir. Til samanburðar geta aðrir flensuvírusar lifað í eina klukkustund í loftinu. Vírusinn getur lifað á pappa í allt að einn sólarhring en lengst lifir hann á plasti og stáli eða í allt að þrjá daga, að því er greint er frá á norska vefnum forskning.no. Þetta þýðir að veiran getur verið lengi lifandi á ýmsum hlutum, svo sem pappakössum, krönum eða borðplötum svo eitt-hvað sé nefnt.

„Þetta er mikilvægt þekking til að meta hvernig veiran getur smitað og hvaða ráðstafanir eru mikilvægar,“ segir Gunnveig Grødeland, vísindamaður við ónæmisfræðideild háskólans í Ósló. „Þetta undirstrikar enn frekar hversu mikilvægt það er að þvo hendur oft. Ekki er vitað hversu lengi vírusinn lifir á höndum en vitað er að fólk fer oft með hendur í andlit sitt á hverri klukkustund. Fólk getur smitast af veirunni frá yfirborðshlutum,“ segir Gunnveig.



Vísindamennirnir sem stóðu að baki nýju rannsókninni settu raunhæft magn vírusa á mismunandi efni á rannsóknarstofu auk þess að úða veiruögnum með úðabrúsa út í loftið. Allar prófanir voru gerðar í 21-23°C hita með 40 prósent raka. Vitað er að veiran lifir mismengi eftir hitastigi og

við meiri hita lifir hún skemur en lengur í meiri kulda. Vísindamennirnir báru saman Covid-19 við SARS-vírusinn og kom í ljós að getan til að lifa er nokkuð svipuð hjá þessum tveimur tegundum vírusa. Covid-19 vírusinn hegðar sér svipað og aðrir þekktir vírusar varðandi dreifingu. „Venjulegir

flensuvírusar geta lifað á yfirborði í nokkra daga. Það er gott til þess að vita að þessi nýi vírus hegðar sér svipað og aðrar tegundir. Ef hann hegðaði sér frábrugðið öðrum hefði það verið mikið áhyggjuefni,“ segir Gunnveig og bætir við að róttækar aðgerðir eins og sóttkví og lokanir fyrirtækja

Góður hand-  
þvottur er besta  
leiðin til að  
forðast smit.

“Ef einhver veikist á heimilinu þarf að þvo fatnað og sængurföt oft á minnst 60°C hita, helst á 95°C.

hafi verið settar á hárréttum tíma til að koma í veg fyrir frekari smit. „Mögulega þarf að fara í enn meiri aðgerðir,“ segir hún, en skólar og leikskólar í Noregi voru lokaðir í síðustu viku og verða það til 26. mars.

„Það er afar mikilvægt að þvo hendur oft en jafnframt halda heimilinu og vinnustaðnum hreinum. Það þarf að þrifa vel borð og aðra þá hluti sem margir snerta. Ef einhver veikist á heimilinu þarf að þvo fatnað og sængurföt oft á minnst 60°C hita, helst á 95°C. Ekki geyma fatnað af hinum veika í þvottakörfu heldur þvoðu strax. Best er að vera eingöngu í fatnaði sem þolir mikinn hita í þvotti finni fólk fyrir einkennum vírusins.“

## SÓLHATTUR FYRIR ÓNÆMISKERFIÐ



Sólhattur styður við ónæmiskerfið en þeir sem taka inn sólhatt eru oft fljóttari að ná sér af pestum og fá jafnvel vægari einkenni.

Sólhattur er ein mest notaða jurtin á vesturlöndum fyrir ónæmiskerfið og algengasta bætiefnið gegn kvefi og flensu.

Sólhattur frá A.Vogel fæst í apótekum og í heilsuhillum matvöruverslana.





# BYRJADU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!



• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!



Download on the  
App Store



GET IT ON  
Google Play



# Skemmtilegar staðreyndir

Á tímum heimsfaraldurs er auðvelt að detta í áhyggjur yfir heilsufari. Það er því tilvalið að taka pásu frá ógnvekjandi fréttaplutningi og skoða skemmtilegar staðreyndir er snúa að heilsu.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiser@frettabladid.is



Það er auðvitað brýnt að fylgjast vel með fréttum, hafa varann á og fara samviskusamlega eftir tilmælum heilbrigðisfyrivalda. En óttinn við ástandið getur valdið streitu og streita er talin veikja ónæmiskerfið. Því er mikilvægt að passa vel upp á andlegu hliðina um þessar mundir, stunda markvissa slökun og reyna að hugsa um aðra og helst skemmtilega hluti. Hérna eru fimm skemmtilegar staðreyndir er snerta heilsu.

1. Í rannsókn sem birtist í Journal of Marketing Research árið 2013 kom fram að það að vera á háhæluðum skóm í verslunarferðum gerði fólki kleift að taka skynsamlegri ákvarðanir en ella. Fram kom að þau sem klæddust hælaskóm hefðu betra jafnvæggisskyn, sem talið var stuðla að bættri heilastarfsemi og þannig minnka líkur á óhóflegri eyðslu. Er þetta kallað „jafnvægisáhrif“ (e: equilibrium effect) og á einnig við um fólk sem verslar strax á eftir jóгатíma.

2. Moskitóflugur er illa við teknótónlist. Í tímaritinu Acta Tropica kom fram árið 2019 að rannsakendur hefðu spilað lagið „Scary monsters and nice sprites“ með Skrillex, sem inniheldur bæði „háa og lága hljóðiðni“, mikinn hávaða og stigmagnandi tónhæð, fyrir moskitóflugur af ættkvíslinni Aedes aegypti (e: yellow fever mosquitos) en þær eru meðal annars alræmdir smitberar zika-veirunnar. Áhrifin af þessu lagi Skrillex voru slík að flugurnar bæði drógu úr bitum og mökun.

3. Árið 2006 birtist rannsókn í Chemical Senses þar sem fram kom að það að sneiða hjá kjötáti hafði veruleg áhrif á það hversu „aðlaðandi“ þátttakendur mátu líkamslykt einstaklinga. Þeir þátttakendur sem borðuðu ekki rautt kjöt voru taldir lykta betur, líkamslykt þeirra var talin mildari og þótti almennt fremur geðþekari.



Big Thunder Mountain Railroad rússíbaninn í Disneygarðinum getur haft í för með sér áhugaverðar aukaverkanir.  
MYNDIR/GETTY



Moskitóflugur eru ekki hrifnar af teknótónlistarmanninum Skrillex.

4. Eftir fjölmargar tilkynningar frá fólki sem sagðist hafa losnað við nýrnasteina á meðan það var í rússíbananum „Big Thunder Mountain Railroad“ í Disneygarðinum var ákveðið að rannsaka fyrirbærið. Rannsóknarteymi frá háskólanum í Michigan notaðist við nýrnalíkan og komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri sannarlega tilfellið og að ákjósanlegasti rússíbaninn til þess að ná þessu fram væri „harður og snöggur með snúningum og beygjum

en færi ekki á hvolf eða aftur á bak“. Þá sögðu þeir að það væri best að sitja fremst í þessum tilgangi.

5. Fullorðnir Bretar eru líklegri til að eyða meiri tíma á salerninu en í líkamsrækt. Árið 2017 birtu samtökin UKActive niðurstöður könnunar þar sem fram kom að fullorðið fólk eyddi að meðaltali þremur klukkutímum og níu mínútum á salerninu í hverri viku, samanborið við einn og hálfan klukkutíma í hreyfingu.



Það eru minni líkur á að kaupa dýrari hluti þegar verslað er á hælaskóm.

## SÓTTKVÍ & SAMKOMUBANN

Sérblað Fréttablaðsins, Sóttkví og samkomubann, kemur út **þriðjudaginn 24. mars**.

Í blaðinu geta fyrirtæki fjallað um stefnu sína og áherslur í sambandi við heimsfaraldurinn COVID-19.

Nú þegar stór hluti þjóðarinnar þarf að einangra sig frá öðrum og halda sig heima velta eflaust margir fyrir sér hvað þeir geti gert til að líða sem best yfir þann tíma. Hvort sem það er hreyfing, mataræðið, bækur, góðir tölvuleikir o.s.frv. þá geta fyrirtæki og einstaklingar látið vita af vörum og þjónustu sem þau bjóða upp á í þessu blaði.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson  
Sími 550 5654  
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon  
Sími 550 5652  
arnarm@frettabladid.is

Atli Bergmann  
Sími 550 5657  
atlib@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir  
Sími 694 4103  
ruth@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




# ALLT INNIFALIÐ MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



281.750 KR.  
214.900 KR.



354.750 KR.  
287.900 KR.



529.750 KR.  
415.900 KR.



420.750 KR.  
353.900 KR.



518.750 KR.  
451.900 KR.



410.750 KR.  
343.900 KR.



434.750 KR.  
367.900 KR.



422.750 KR.  
355.900 KR.



338.750 KR.  
271.900 KR.



497.750 KR.  
430.900 KR.



522.750 KR.  
455.900 KR.

ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ  
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



\*Fri uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.  
Smá aksturs gjald bætist við út á land  
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16  
112 REYKJAVÍK

**Graníthöllin**  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS



## Bílar & Farartæki

## KRÓKUR

### PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)

## Þjónusta

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

## Málarar

### LÖGG. MÁLARAMEISTARI

Tökum að okkur alla málingarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málingarþjónusta Egils ehf. S.868-5171. [egillsverris@gmail.com](mailto:egillsverris@gmail.com)

### REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málingarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggiltra fagmanna. Sími 8919890 eða [malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

Málingarþjónusta S: 782-6034.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Húsviðhald

### VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - [proventus.is](http://proventus.is) Sími 551-5000  
Netfang [proventus@proventus.is](mailto:proventus@proventus.is)

## Trésmíði

### TRÉSMÍÐUR

tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net [sjgverktakar@gmail.com](mailto:sjgverktakar@gmail.com)

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

### GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Auglýsing um breytingu á aðalskipulag í Kópavogi. Tillaga á vinnslustigi.

### Hamraborg – miðbær. Fannborgarreitur og Traðarreitur – vestur.

Vakin er athygli á því að á fundi skipulagsráðs 2. mars 2020 var lögð fram tillaga á vinnslustigi að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 á miðbæjarsvæði Hamraborgar. Fyrirhugað skipulagssvæði afmarkast af Vallartröð í austur, Digranesvegi í suður, Digranesvegi 1, Hálsatorgi og Hamraborg 8 í vestur og Hamraborg 10 til 38 (sléttar tölur) í norður. Í gildandi aðalskipulagi er landnotkun á umræddu svæði, sem er um 4,3 ha að flatarmáli, skilgreind sem miðbæjarsvæði fyrir íbúðir, verslun og þjónustu. Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verður landnotkun svæðisins áfram skilgreind sem miðbæjarsvæði auk þess sem það verður skilgreint sem nýtt þróunarsvæði (þéttingarsvæði). Jafnframt er talnagrunni aðalskipulagsins breytt. Í kynntri vinnslutillögu er miðað við að núverandi byggingar á lóðunum Fannborg 2, 4 og 6 (gömlu bæjarskrifstofurnar) á reit B1-1 í rammahluta aðalskipulagsins verði rifnar og nýjar byggingar reistar í þeirra stað fyrir allt að 300 íbúðir ásamt verslun og þjónustu alls um 28.000 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall ofanjarðar er áætlað um 3,2 og með bílastæðakjallara um 5,2. Miðað er við 1 bílastæði á hverja 100 m<sup>2</sup> í húsnæði neðanjarðar. Í vinnslutillögunni er auk þess gert ráð fyrir breytingum á sk. Traðarreit - vestur, reit B4 í rammahluta aðalskipulagsins, þar sem núverandi íbúðarhús við Neðstuttröð 2, 4, 6, 8 og Vallartröð 1, 3, 5 og 7 verði rifin og nýtt húsnæði byggð í þeirra stað fyrir allt að 300 íbúðir auk húsnæðis fyrir verslanir og þjónustu alls um 25.000 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall ofanjarðar er áætlað um 2,7 og með bílastæðakjallara um 4,7. Gert er ráð fyrir bílastæðum neðanjarðar, einu bílastæði á hverja 100 m<sup>2</sup> í húsnæði. Í fyrirhugaðri skipulagsvinnu eru ekki ráðgerðar breytingar við Hamraborg 10 til 38 (sléttar tölur), við Fannborg 1 til 9 (oddatölur) og Digranesvegi 5 og 7 þ.e. á reitum B1-3 og B2 í rammahluta aðalskipulagsins. Vinnslutillagan er sett fram í greinargerð þar sem m.a. er fjallað um nügildandi stefnu skipulagsins, tengsl við aðrar skipulagsáætlanir s.s. svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, forsendur og markmið fyrirhugaðra breytinga, umhverfisáhrif, samráð og kynningarferli. Er vinnslutillagan dags. 25. febrúar 2020.

Skipulagsráð samþykki að framlögð vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Stefnt er að því að ofangreind vinnslutillaga verði samþykkt í formlega auglýsingu inna fárra vikna.

Vinnslutillagan ásamt vinnslutillögu að deiliskipulagi ofangreinds svæðis eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is). eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is) eigi síðar en kl. 15:00 miðvikudaginn 29. apríl 2020.

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu verður útsending (streymi) á heimasíðu Kópavogsbæjar fimmtudaginn 19. mars 2020 kl. 17:00 – 18:00. Í kjölfarið verður kynningin aðgengileg á heimasíðu bæjarins. Hægt er að beina fyrirspurnum til starfsmanna skipulags- og byggingardeildar um vinnslutillögurnar á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is)

Skipulagsstjóri Kópavogs



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent\_

[capacent.is](http://capacent.is)



## Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis: Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkarlundar og Skálaness í Reykhólahreppi

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum þann 25. febrúar sl. umsókn Vegagerðarinnar, dags. 16. desember 2019, um framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðavegi milli Bjarkarlundar og Skálaness. Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi, byggingu nýs Djúpadalsvegar með austanverðum Djúpafríði og endurbyggingar Gufudalsvegar í vestanverðum Gufufirði, ásamt efnistöku fyrir framkvæmdum og frágangi að framkvæmdum loknum.

Leyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum vegarins, álits Skipulagsstofnunar, Aðalskipulags Reykhólahrepps 2006-2018, umsóknar Vegagerðarinnar, umsagna Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og umhverfis- og náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins, ásamt greinargerð með rökstuðningi sveitarfélagsins fyrir veitingu framkvæmdaleyfis.

Framkvæmdaleyfið og öll ofangreind gögn eru aðgengileg á heimasíðu Reykhólahrepps, [www.reykholar.is](http://www.reykholar.is)

Vakin er athygli á því að ákvörðun sveitarstjórnar um veitingu framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu þessarar auglýsingar um leyfið.

Tryggvi Harðarson, sveitarstjóri Reykhólahrepps



# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

**Gjöldin eru:** Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. mars 2020, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2020 og önnur gjaldfallin á lögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. mars 2020, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álgöðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. mars 2020

Ríkisskattstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfirðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra  
Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



**FAST**  
Ráðningar

[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

## Samlokueiningar

Fyrir kæla, frysta og milliveggi

Til afhendingar  
**STRAX**

## Kælimiðlar Umhverfisvænni miðlar



**Chemours™**

Hugsaðu um umhverfið veldu  
umhverfisvæna kælimiðla



## Hurðir fyrir kæla og frysta



## Ammoníak Vatnsfrítt ammoníak fyrir kælikerfi



Made  
in  
Germany

**Kristján G. Gíslason**  
Heildsala síðan 1941

**E  
H  
F**

• [kgg@kgg.is](mailto:kgg@kgg.is)  
• 55-20000  
• Skemmuvegur 6  
• Blá gata  
• [www.kgg.is](http://www.kgg.is)



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Reykjavík  2   2 °C   ↗	Ísafjörður  -5   19 °C   ↘	Akureyri  0   8 °C   ↘
Egilsstaðir  3   1 °C   ↘	Kirkjubæjarkl  0   3 °C   ↘	Hveravellir  -6   5 °C   ↘

Norðaustan 13-23 og snjókoma um landið norðanvert, áfram hvassast á Vestfjörðum. Hægari vindur sunnan til og él. Víða vægt frost. Fer að draga úr vindi og úrkomu annað kvöld.

## Miðvikudagur

Reykjavík  -1   7 °C   ↘	Ísafjörður  -7   7 °C   ↘	Akureyri  -3   4 °C   ↓
Egilsstaðir  -2   8 °C   ↓	Kirkjubæjarkl  -1   2 °C   →	Hveravellir  -9   8 °C   ↓

## Fimmtudagur

Reykjavík  -3   1 °C   ↘	Ísafjörður  -7   3 °C   ↑	Akureyri  -10   1 °C   ↑
Egilsstaðir  -9   3 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  -1   0 °C   ○	Hveravellir  -10   2 °C   ↘

### LÉTT

			2	6	1	3	7
2	9		3	7		4	
			5		6		
	1		8		3	2	
5	8		6		4		
		7	1	9	8	5	
		1					
				3		1	
4	5	2					

### MIDLUNGS

		8	1			2	
3			2		4	9	8
			3			4	6
		1		9	8		
			5		1		9
4			6		7	3	
				5	2		
	2				5	7	
		7				2	3

### PUNG

		7	1		3		6
	2		6		7		
1	5		4		7		8
6	5						
	3	8			6		
	7			1	4	6	
5	1					4	
					9		3
8			4		9	2	

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- Tímabil
  - Tæra
  - Vafi
  - Aflvaki
  - Fæði
  - Halli
  - Talgalli
  - Kvk nafn
  - Málmur
  - Snerill
- LÓDRÉTT**
- Einkaeign
  - Urmull
  - Sepi
  - Nauða
  - Hljóðvilla
  - Hafna
  - Árás
  - Stigandi
  - Þegar

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. sólar, 5. eta, 6. ef, 8. rafall, 10. el, 11. mæll, 9. aftaka, 12. sök, 14. ís, 16. er.  
LÓDRÉTT: 1. séreign, 2. ótal, 3. laf, 4. rella, 7. fla-  
fla, 12. stam, 13. gróa, 15. nikkel, 17. snari.

## Skák Gunnar Björnsson

Schiffers átti leik gegn Steinitz árið 1896.

- Hxf7! dxe2
  - Hg7+ Kh8
  - Hxd7+ Kg8
  - Hg7+ Kh8
  - He7+ Kg8
  - Hxe8+ Kh7
  - Hf7# 1-0.
- Í gær hófst skákmótasyrpa á netinu sem blásið hefur verið til. Í kvöld verður tefld atskák. Mótið hefst kl. 19.30. Flestir íslensku stórmeistararnir ætla að taka þátt í mótunum á netinu.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Skákmót á netinu.




2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5

3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9

3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
1	5	8	2	3	9	4	7	6
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

**Björnsbakari**  
Sími: 561 1433  
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00  
Austurströnd 14 • Hringbraut 35






HÚSASMÍÐJAN

husa.is

# Sendum samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu 



Ein stærsta vefverslun landsins – alltaf við hendina



**Litabarinn**

Vinsælustu LADY litirnir í vefverslun



**Netspjall**

Við erum á vaktinni alla virka daga á husa.is



**Vefverslun**

Púsundir vara í vefverslun



**Heimsending**

Sendum heim að dyrum um land allt



**Pantað & Sótt**

Pantaðu og sæktu í næstu verslun



**Timbur**

Við sendum þér timbrð heim að dyrum



Hvað?  
Hvenær?  
Hvar?  
Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

17. MARS 2019

**Hvað?** Milonga Tangófélagins

**Hvenær?** 20.30-22.30

**Hvar?** Dansverkstæðið, Hjarðarhaga 47

Argentínskur tangó dunar. Dj er Elín Laxdal, gestgjafi er Svanhildur Óskars. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en frítt fyrir 30 ára og yngri.



Bubbi verður stórt númer í streyminu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Beint streymi frá Borgarleikhúsinu

Borgarleikhúsið ætlar að hafa þetta dagskrá í beinu streymi á vísir.is meðan á samkomubanninu stendur. Í dag, þriðjudag klukkan 12, mun Ólafur Egill Egilsson, leikstjóri, fjalla um sýningu sína, Bubbasöngleikinn Níu líf, ásamt því að fjalla um stjörnusýninguna Elly sem hann átti stóran hlut í. Elly heillaði landsmenn með söng sínum í áratugi. Hið sama má segja um Bubba. Þau eru bæði stjórnur sem samofnar eru þjóðarsálinni.

Á föstudaginn klukkan 12 verða svo tónleikar með Bubba Morthens í beinni og verður það vikulegur viðburður þar til samkomubanninu lýkur. Frekari upplýsingar birtast á næstu dögum. Hægt er að sjá allt um þetta á borgarleikhús.is og samfélagsmiðlum leikhússins.



Við fengum til okkar listamenn sem máttu gera hvað sem var, en þó samt innan ákveðins ramma, segir Árni Már Erlingsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## List unnin innan ákveðins ramma

Í Gallery Port sýna listamenn verk sem unnin eru út frá tölunni 20. Þó eru listamennirnir 21 því eitt verkið er samstarfsverkefni. Gallerið fagnar fjögurra ára afmæli í ár.

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Tuttugu verk eru á sýningu sem nú stendur yfir í Gallery Porti á Laugavegi. „Tuttugu og einn listamaður á verk á sýningunni, þar af er eitt samstarfsverkefni,“ segir Árni Már Erlingsson, myndlistarmaður og annar eigandi gallerísins.

„Þegar við ákváðum að opna sam-sýningu í galleriinu 20. febrúar 2020 þá spratt hugmynd um að vinna út frá tölunni 20. Við ákváðum að verkin skyldu vera lítil, 20x20 sentimetrar, og ef um myndbandsverk væri að ræða þá skyldu þau vera

20 sekúndur eða 20 mínútur. Við fengum til okkar listamenn sem máttu gera hvað sem var, meðan þeir voru tilbúnir til að vinna innan þessa ramma. Flestir þeirra hafa sýnt í galleriinu áður, þó ekki allir. Hópurinn samanstendur að mestu af yngri listamönnum en þarna eru líka eldri listamenn: Eggert Pétursson, Hallgrímur Helgason, Pétur Magnússon ásamt Björk Þorgrímsdóttur,“ segir Árni Már.

Sýningin er sölusýning og um helmingur verkanna hefur þegar selst.

**Fjögurra ára afmæli**

Gallery Port var stofnað í mars 2016 og á því fjögurra ára afmæli í þessum mánuði. „Þetta var hug-

●● ÞAÐ HEFUR KOSTAÐ ÁTAK AÐ HALDA ÞESSU GANGANDI EN STARFSEMIN HEFUR ÞRIFIST Í ÞENNA TÍMA.

mynd sem átti aldrei að verða. Við Skarphéðinn Bergþórsson og Þorvaldur Jónsson fengum úthlutað þessu plássi og til stóð að það yrði einungis í nokkra mánuði því það átti að rífa húsnæðið. Við fórum af stað með öflugar sýningar og alltaf frestaðist að húsnæðið yrði rífið. Við höldum því bara áfram. Þorvaldur sneri sér síðan að öðru en við Skarphéðinn erum enn í rekstr-

inum,“ segir Árni Már. Þess má geta að félagarnir þrír eiga allir verk á sýningunni.

**Halda ótrauðir áfram**

Spurður hvernig reksturinn gangi segir Árni Már: „Það hefur kostað átak að halda þessu gangandi en starfsemin hefur þrífist í þennan tíma. Við höldum ótrauðir áfram.“

Það eru aðallega ungir myndlistarmenn sem sýna í galleriinu „Við erum að stórum hluta að vinna með listamönnum sem útskrifuðust úr skólum fyrir 10-15 árum. Það kemur fyrir að eldri listamenn sýni hér og þar má nefna Snorra Ásmundsson, Pétur Magnússon og Hrein Friðfinnsson,“ segir Árni Már.

Sýningunni lýkur 22. mars.

ASA tríó ásamt Jóel Pálssyni ætlar að spila í Hörpu – og hafa gott bil milli áheyrenda

ASA tríóið, ásamt Jóel Pálssyni, heldur tónleika í Hörpu annað kvöld, miðvikudag, á vegum Múlans – Jazzklúbbs. „Af því við náum að vera undir þeim fjöldatakmarkum sem sett eru þá ætlum að reyna að halda halda okkar striki og vera með þetta gígg,“ segir Andrés Þór Gunnlaugsson, gítarleikari tríósins.

Yfirleitt eru tónleikar Múlans í Björtu loftum en nú verða þeir að öllum líkindum á jarðhæðinni í Hörpu, í opnu rými, að sögn Andrésar Þórs. „Þá er hægt að dreifa vel úr áheyrendum en samt halda uppi ágætri stemningu,“ lýsir hann og fer yfir hljóðfæraskipan.

„Agnar Már Magnússon er á Hammond orgeli og sér bæði um hljómana og bassann, þannig að hann er í tvöfaldri vinnu! Svo er

Scott McLemore á trommur og ég á gítar. Það er ASA tríó. Svo er Jóel Pálsson saxófónleikari með okkur núna og við ætlum að spila glænýtt efni. Það eru lög sem við höfum verið að vinna að og eru sérstaklega samín fyrir þessa tónleika. Þetta verður kvöldstund fyrir þá sem treysta sér út og langar að kíkja á tónleika sem falla að þeim skilyrðum sem við þurfum að uppfylla.“

Andrés telur að þeir sem vilji koma fái örugglega pláss og nái að skemmta sér. „Þó fjöldatakmarkanir séu í gildi hefur sóttvarnalæknir margitrekad að lífið þurfi að halda áfram, ég held þetta sé tilvalinn vettvangur til að sanna það. Sérstaklega þegar við njótum þess að fá að nýta rými sem getur gefið rétta fjarlægð milli fólks. Það



Andrés Þór, Scott McLemore og Agnar Már. MYND/DANIEL STARRASON

●● ÞÓ FJÖLDATAKMARKANIR SÉU Í GILDI HEFUR SÓTTVARNALÆKNIR MARGITREKAÐ AÐ LÍFIÐ ÞURFI AÐ HALDA ÁFRAM, ÉG HELD ÞETTA SÉ TILVALINN VETT-VANGUR TIL AÐ SANNA ÞAÐ.

er mikilvægt.“ Hann bendir á að vanalega séu þeir félagar ekki að spila fyrir þúsundir og segir það vinna með þeim núna.

ASA tríó hefur verið starfrækt frá árinu 2005 og gefið út efni, bæði í föstu formi og stafrænu. Hljóm-sveitin hefur hlotið tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir eigin verk og unnið með ýmsum tónlistarmönnum. – gun





**20%**

af öllum stillanlegum heilsurúmum

# Upphaf nýrra **drauma!**

## Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.

Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.

Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

**Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.**

**Tilboðsverð frá  
307.608 kr.**

Hjónarúm 2x90x200 cm  
Fullt verð frá 384.510 kr







## Þriðjudagur



Í kvöld kl. 20.05

COVID-19 er á allra vörum. Hvaða veiki er þetta? Hversu vel erum við undir hana búin? Veikin sem byrjaði í Kína er nú í rénun þar en Evrópa er á hlíðinni. Kveikur fjallar um COVID-19 í tvöföldum þætti í kvöld.

## HRINGBRAUT

**20.00 Allt annað líf** Allt annað líf er fræðsluþáttur um magaminnknunarferðir Íslendinga til Austur-Evrópu.  
**20.30 Lífið er lag** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.  
**21.00 21 - Fréttabúttur á þriðjudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendir og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.  
**21.30 Eldhugar: Séría 3** Í Eldhugum fer Snædis Snorradóttir og viðmælendur hennar út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**  
**12.50 Menningin**  
**13.00 Gettu betur 1997 MH - ML**  
**14.15 Tónstofan, Ingvi Þór Kormáksson**  
**14.40 Til borðs með Nigellu**  
**15.10 Stíklur**  
**15.45 Augnablik** -úr 50 ára sögu sjónvarps  
**16.00 Framapot**  
**16.25 Menningin - samantekt**  
**16.55 Íslendingar - Jóhann G. Jóhannsson**  
**17.50 Tákn málsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Bitið, brennt og stungið**  
**18.16 Hönnunarstirnir**  
**18.31 Hjörðin - Kálfur**  
**18.35 Hamsturinn Hnoðri**  
**18.41 Vinabönd**  
**18.50 Krakkafréttir**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**19.50 Menningin**  
**20.05 Kveikur**  
**20.40 Mestu lygar sögunnar - 1915, Lúsítanía sekkur - History's Greatest Lies. 1915, The Sinking of the Lusitania** Heimildarþáttaröð í sex hlutum um nokkrar af stærstu lygum mannkynssögunnar. Í þáttunum er fjallað um hvernig stjórnmöld og fólk í áhrifastöðum hafa beitt lygum í gegnum tíðina til að breyta gangi sögunnar.  
**21.35 Best í Brooklyn Brooklyn - Nine Nine V**  
**22.00 Tiufréttir**  
**22.15 Veður**  
**22.20 Hamfarasól Hard Sun**  
**23.15 Pólskir dagar - Kennari Belfer** Pólsk spennuþáttaröð um menntaskólakennara sem flyst frá Varsjá til smábæjarins Dobrowice og hefur störf við menntaskóla í bænum. Þegar einn af nemendum skólans finnst myrtur hefur kennarinn sína eigin rannsókn á málinu og er staðráðinn í að komast að sannleikanum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.  
**00.10 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00 THE PLAYERS Championship**  
**13.00 THE PLAYERS Championship**  
**19.00 Hápunktarnir á PGA-mótunum.**  
**19.55 THE PLAYERS Championship**

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**  
**11.30 Dr. Phil**  
**12.15 The Late Late Show**  
**13.00 Everybody Loves Raymond**  
**13.25 The King of Queens**  
**13.45 How I Met Your Mother**  
**14.10 Dr. Phil**  
**14.55 Will and Grace**  
**15.20 Survivor**  
**16.15 Malcolm in the Middle**  
**16.35 Everybody Loves Raymond**  
**17.00 The King of Queens**  
**17.20 How I Met Your Mother**  
**17.45 Dr. Phil**  
**18.30 The Mick**  
**18.55 The Biggest Loser**  
**20.25 Pabbi skoðar heiminn**  
**21.00 FBI**  
**21.50 FBI. Most Wanted**  
**22.35 Cloak and Dagger**  
**23.20 The Late Late Show**  
**00.05 Grand Hotel**  
**00.50 Seal Team**  
**01.35 Chicago Med**  
**02.20 Station 19**  
**03.05 Imposters** Maður að nafni Ezra Bloom uppgötvar einn daginn að eiginkona hans er svika-hrappur sem giftist honum í þeim tilgangi að ræna hann.

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Segðu mér**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregnir**  
**10.13 Á reki með KK**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.02 Hádegisútlit**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.40 Veðurfregnir**  
**12.50 Dánarfregnir**  
**12.55 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Lofthelgin**  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Frjálsar hendur**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Viðsjá**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestir**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Hljómboxið. Stebbasveit mætir Þrýstiloftshreyflunum**  
**18.50 Veðurfregnir**  
**18.53 Dánarfregnir**  
**19.00 Endurómur úr Evrópu**  
**20.35 Mannlegi þátturinn**  
**21.30 Kvöldsgagan. Konan við 1000 gráður (7 af 41)**  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnir**  
**22.10 Passíusálmur (31 af 50)**  
**22.15 Samfélagið**  
**23.05 Lestir**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.20 A Quiet Passion**  
**11.20 Manglehorn**  
**12.55 The Fits**  
**14.05 A Quiet Passion**  
**16.10 A Quiet Passion**  
**18.10 Manglehorn**  
**19.45 The Fits**  
**21.00 Casual Encounters**  
**22.15 The Hunter's Prayer**  
**23.45 Crossfire**  
**01.15 Casual Encounters**

## STÖÐ 2

**08.00 Kevin Can Wait**  
**08.20 Gilmore Girls**  
**09.00 Bold and the Beautiful**  
**09.25 God Friended Me**  
**10.05 First Dates**  
**10.50 NCIS**  
**11.35 Masterchef USA**  
**12.35 Nágrannar**  
**12.55 Britain's Got Talent**  
**14.05 Britain's Got Talent**  
**14.25 Britain's Got Talent**  
**15.35 Britain's Got Talent**  
**15.55 Atvinnumennirnir okkar**  
**16.25 Ísskápastríð**  
**17.05 Friends**  
**17.30 Bold and the Beautiful**  
**17.55 Nágrannar**  
**18.25 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.50 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálapáttur.  
**19.05 Mom**  
**19.25 The Goldbergs**  
**19.45 All Rise**  
**20.25 Better Call Saul**  
**21.10 Outlander**  
**22.10 Last Week Tonight with John Oliver**  
**22.40 Grey's Anatomy**  
**23.30 The Good Doctor**  
**00.15 High Maintenance**  
**00.45 Blinded**  
**01.30 Blinded**  
**02.15 The Enemy Within**  
**02.55 The Enemy Within**  
**03.40 The Enemy Within**

## STÖÐ 3

**19.10 The Middle**  
**20.00 Friends**  
**20.20 Friends**  
**20.45 It's Always Sunny In Philadelphia**  
**21.05 Flash**  
**22.35 DC's Legends of Tomorrow**  
**23.15 The Middle**  
**23.35 The Mindy Project** Lokaþáttaröð þessara vinsælu gamanþátta um Mindy sem er ungur lækni á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Parma - Inter**  
**08.40 Evrópudeildin - fréttabúttur**  
**09.05 Celta Vigo - Villarreal**  
**10.45 Brescia - Genoa**  
**12.25 Juventus - Lecce**  
**14.05 Ítölsku mörkin** Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.  
**14.55 Leiðin á EM 2020**  
**15.55 Breiðablik - KR**  
**17.35 Meistaradeild Evrópu - fréttabúttur**  
**18.05 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.  
**19.15 Meistaradeildin - upphitun** Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport hita upp fyrir leikina í Meistaradeild Evrópu.  
**19.55 Manchester City - Real Madrid** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.  
**22.00 Meistaradeildarmörkin**  
**22.30 Fulham - Brentford**  
**00.10 Napoli - SPAL**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**19.50 Juventus - Lyon** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.



RÚV

okkar allra

FM 88,5 XA-Radíó  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Létt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útlit Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin





Cheerios  
síðan  
1997

Auður, tónlistarmaður



# Háspenna smithætta

Nú er eina vitið að spritta af sér alla Víruskariusa og mótþróa Bakteríusa. Gera bara eins og mamma og sóttvarnalæknir segja okkur. Hanga frekar heima og horfast í augu við veiruhrylling í affreyningarskaldskap frekar en baða sig í honum í sundi.

**S**tjórnláus ótti, sérgæska og kjánaleg borgaraleg óhlýðni eru grínlaust stórhættulegar aukaverkanir kórónafarsóttarinnar. Eins fúlt og þar er getur sóttkví skilið milli feigs og ófeigs þannig að alltaf er betur heima setið en til útlanda rokið.

Á meðan óværan gengur yfir er rakið dæmi fyrir sjálfskipaða veirusérfræðinga að halda sig bara heima, helst frá samfélagsmiðlum þar sem ranghugmyndir þeirra eru

ekki síður bráðsmitandi en Covid-19. Hanga miklu frekar á efnis- og streymisveitum, sem eru vitaskuld himnasending flestra, sýkra sem ósýkra, sem þurfa að halda kyrru fyrir heima.

## Spritt á sálina


Þá er heldur ekki úr vegi að reyna að draga jafnvel mátulega óttablandinn lærdóm af hámglápinu vegna þess að oft leynist djúp viska og reynsla kynslóðanna af afleiðingum vanhugsadrar áhættuhegð-

unar sem varir í hættuástandi.

Spennu- og hryllingsmyndir geta hreinsað sálina og verið ágætis áminning um hvernig maður breytir rétt andspænis yfirþyrmandi ógn. Stóri kosturinn er líka að í hryllingnum kemst oftast aftur á jafnvægi, hið góða sigrar og þá lifa þau af sem kusu að horfa aftur á Con Air frekar en að stelast hóstandi í ræktina.

## Veirur á flugi

Skelfingin og vonin í henni í skaldskapnum á meðan hún getur hæg-



Böööööööööö! Þau voru á skiðum! Varast ber að smitast andlega og breytast í óværuna sem maður er að forðast. Invasion of the Body Snatchers er ágætt víti til varnaðar fyrir þá sem vilja helst benda fingrum þessa dagana.



Sýrus Vírus ógnar fólki og tuskdýrum en er upprættur í lokin. Eins og vonandi Covid-19 fljótlega.

bækur sljóum verkjahöfðum ágætlega, sérstaklega reyfarar, og það er þó skömminni skárra að láta lesa fyrir sig í mókinu frekar en reyna að halda bók opinni og athyglinni á textanum.

Glæpasögur eru í eðli sínu formúlubókmenntir sem fara oftast vel í upplestri og ofreyna ekki athyglisgáfuna. Þegar maður er veikur er geggjun að ætla til dæmis að hlusta á Karamazov-bræðurna eftir Dostojevski.

Þá eru hryllings- og spennuhöfundar bestu vinirnir. Nóg er til af Stephen King á Audible.com og nafni hans Máni er í bunkum á Storytel. Ásamt Arnaldi og Yrsu sem eru upplögð, ekki síst ef hinn sóttkvíðni hefur lesið bækurnar áður. Enn minna álag á hausinn.



Ísfólkið á Storytel er ávanabindandi og jafnvel líka hitalækkandi.

## Ískalt ísfólk

Sjoppubókmenntabákur Margitar Sandemo um Ísfólkið er samt eiginlega það lang besta sem er í boði á Storytel í þessu ástandi. Kynósa, hádramatískar og einfaldar sögur af afkomendum Þengils hins illa og arfgengrar bölvunar þeirra eru ávanabindandi, lúmskt skemmtilegar og hafa staðið tímans tönn. Þetta er eiginlega Star Wars-rusl-bókmenntanna. Hallærislegt, ómótstæðilegt og ferðast milli kynslóða.

Sönn íslensk sakamál Sigursteins Mátssonar hafa endurnýjast í hljóðbókum á Storytel. Klassísk alvöru spenna og glæpir heilla alltaf og hvað er notalegra en hlusta á sefandi rödd Sigursteins þegar maður er lítill og veikur? [totti@frettabladid.is](mailto:totti@frettabladid.is)

## Spennusögur í sóttkví

Þegar augun þreytast henta hljóð-



Dustin Hoffman rakti Ebólusmit í plati í Outbreak á raunverulegum Ebólutímum þegar framleiðendur myndarinnar duttu í veirulukkupottinn.



# BROSTU

## 40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM CHEESY CRUST PIZZUM  
ALLA ÞRIÐJUDAGA



Cheesy  
CRUST

PANTAÐU Á [WWW.PIZZAHUT.IS](http://WWW.PIZZAHUT.IS) OG NOTAÐU AFSLÁTTAR-  
KÓÐANN **OSTUR** ÞEGAR ÞÚ KLÁRAR PÖNTUNINA



# „VIÐ ERUM ÖLL ALMANNAVARNIR“

## VINSAMLEG TILMÆLI TIL VIÐSKIPTAVINA HAGKAUPS VERSLANA

Kæru viðskiptavinir, nú þegar samkomubann hefur tekið gildi skorum við á viðskiptavini okkar að hafa eftirfarandi í huga:

### Dreifum álaginu – Langur opnunartími verslana


- Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma Hagkaups verslana til að forðast biðraðir fyrir utan verslanir á álagstímum.
- Í Skeifu og Garðabæ er opið allan sólarhringinn.
- Í Spöng, Eiðistorgi og Akureyri er opið frá 08:00 til 00:00 alla daga.



### Margir saman að versla? – 100 manns hámarksfjöldi\*


- Við hvetjum viðskiptavini að fjölmenna ekki í verslanir og að heimili sendi (ef mögulegt er) aðeins einn aðila til að sjá um innkaupin.

\* skv. samkomubanni; 100 manna hámarksfjöldi í versluninni hverju sinni



### Nánd milli manna – a.m.k. 2 metrar

- Hjálpumst að og virðum tilmæli samkomubannsins um að nánd milli manna sé a.m.k. 2 metrar. Þetta á sérstaklega við um biðraðir á afgreiðslukassa.



### Hreinar hendur – Handsóttthreinsir og hanskar

- Munum eftir handsóttthreinsi (skammtarar víðsvegar um verslunina) og notum einnota hanska þar sem við á (s.s. áður en áhöld eru notuð).



### Opnum skápana – Minnkum matarsóun

- Við hvetjum alla Íslendinga að opna skápana heima fyrir og nýta þau matvæli sem til eru. Þannig lágmarkum við matarsóun og fækkum óþarfa búðarferðum.



# HAGKAUP



# FRÉTTABLAÐIÐ

Skráðu þig á  
póstlistann og  
fáðu Fréttablaðið  
sent rafrænt á  
hverjum morgni.



Skráðu þig á  
frettabladid.is,  
á Facebook  
eða skannaðu  
QR kóðann.



Kristján segir dagnaðinn í öllum þeim sem standa að hátíðinni vera hreint magnaðan. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Aldrei fór ég suður með breyttu sniði

Hátíðin Aldrei fór ég suður verður haldin í ár, en með breyttu sniði. Rokkstjórinn Kristján Freyr útskýrði hvernig hátíðin fer fram, en hann er þakklátur þeim sem koma að skipulagi hennar.

**N**ú þegar hverjum viðburði er frestað á fætur öðrum vegna ástandsins í heiminum í dag kom það nokkuð á óvart að sjá tilkynningu frá aðstandendum Aldrei fór ég suður um að hátíðinni í ár væri svo sannarlega ekki frestað. Hátíðin verður haldin en gestum er skipað að halda sig heima, því Aldrei fór ég suður verður streymt beint á netinu. Vestfirski dagnaðurinn útilokaði þann mögulega að gefast bara upp, heldur var ákveðið að gera sitt besta og gleðja þá gesti sem sækja hátíðina árlega heim, nema í þetta skiptið senda þeim stuðnið beint heim í stofu. Kristján Freyr Halldórsson hefur verið rokkstjóri hátíðarinnar síðustu ár og er á fullu að undirbúa hátíðina, eða nánar tiltekið útsendingu hátíðarinnar í ár.

### Mikilvægast að hafa gaman

„Já, við sem sagt fengum þessa hugmynd og ræddum innan okkar höps skömmu áður en samkomubann var kynnt af yfirvöldum. Þá fórum við í það að senda út stuðmælingu á allt okkar fólk, bakhjarla, samstarfsfólk og tónlistarfólk. Það er nú nokkuð klárt að Aldrei fór ég suður væri frekar leiðinlegt ef ekki væri fyrir allt tónlistarfólk sem er til í að dansa með okkur. Það er nú sérstaklega leiðinlegt á þessum skýrtu tímum að öllum viðburðum er aflýst í bak og fyrir og þar af leiðandi missir allt tónlistarfólk tekjur. Það er einmitt sama fólk sem er fyrst til að stökkva á vagninn þegar þarf að styðja góð málefni,“ segir Kristján og ítrekar að öllum sem koma fram á hátíðinni verði greitt þó að það séu nú ekki háar fjárhæðir. Mark-

**EN BIÐJUM ALLA AÐ ALLS EKKI AÐ KOMA. ÞESSA ÁKVÖRDUN TÓKUM VIÐ ÖLL SAMAN SEM HÓPUR OG ÉG ER GRÍÐARLEGA STOLTUR AF ÞESSUM HÓPI.**

miðið sé fyrst og fremst það að hafa gaman, ekki bara áhorfendur heima í stofu heldur finnst þeim líka mikilvægt að listamennirnir skemmti sér.

Hann segir að aðrar helgar hafi verið skoðaðar og einnig sú leið að aflýsa henni alfarið.

„Þetta var lendingin sem okkur fannst Aldrei-legust. Halda okkar striki, halda stuðinu gangandi. En biðjum alla að alls ekki koma. Þessa ákvörðun tókum við öll saman sem hópur og ég er gríðarlega stoltur af þessum hópi. Sama gildir með alla íbúa Ísafjarðarbæjar. Það eru alltaf allir klárir í bátana,“ segir hann.

### Allir samstíga

Hann segir að um tvenna tónleikastaði verði að ræða.

„Annars vegar á Ísafirði þar sem nokkur vestfirsk atriði skemmta og hins vegar hér syðra þar sem fleiri listamenn og -konur koma fram. Öllu verður þessu streymt heim í stofur þar sem við fáum stemninguna bæði að vestan og úr höfuðstöðvum Extón í Kópavogi en þeir eru aðalbakhjarl okkar í hljóði og ljósum og munu hýsa þetta hér syðra,“ segir Kristján.

Dagskráin verður tilkynnt fljótlega en Kristján segir viðbrögð listamannanna frábær og búist sé við að flestir verði með.

„Það verður þó eflaust eitthvað um afföll, sem er bara skiljanlegt.

Dagskráin verður kynnt mjög fljótlega. Það verður ekki annað sagt en að listafólkið hafi tekið vel í þetta og hrifist af hugmyndinni. Það eru allir samstíga í því að gera sér og okkur glaðan dag. Það er í raun og veru það sem skiptir mestu máli,“ segir Kristján.

### Stoppaði Hjalma í miðju setti

Hann segir undirbúninginn hafa gengið gríðarlega vel og það sé í raun alveg ótrúlegt hversu samheldinn þessi hópur á bak við Aldrei er.

„Aldrei fór ég suður er auðvitað hátíð sem er sérstök meðal annars að því leyti að aðgangur er ókeypis. Við sem stöndum að hátíðinni högnumst ekki neitt af henni, við einfaldlega tryggjum í samvinnu við okkar bakhjarla og í gegnum okkar varnings- og veitingasölu að öllum skjólstæðingum sé greitt. Allir sem að henni standa geti gengið frá henni með söma. Við erum spennt fyrir rafrænu útgáfunni í ár og munum koma enn ferskari að ári fyrir vestan,“ segir Kristján.

Það stendur ekki á svari hjá Kristjáni þegar hann er inntur eftir sinni uppáhaldsmínningu frá fyrri hátíðum.

„Ein af mínum uppáhaldsmínningum tengist fyrri kynni hátíðarinnar og verndara, Dóra Hermanns sem lést fyrir á árinu. Hann kynnti reggisveitina Hjalma á svið og hafði svo ekki eirð í sér til að hlusta á reggi, svo að hann stoppaði Hjalma í öðru lagi, þakkaði þeim fyrir og bauð hljómsveitina Trabant á svið með ógleymanlegu ópi sem hlóm- aði svo. „ÁFRAM MEÐ TEMPÓIÐ ... TRAAAAABANT!“

Hægt verður að fylgjast með stuðinu á aldrei.is laugardaginn 11. apríl. [steingerdur@frettabladid.is](mailto:steingerdur@frettabladid.is)





ÞAÐ ER  
EINFALT AÐ STOFNA  
BRÚÐARGJAFALISTA  
Á KUNIGUND.IS

# Vandaðar brúðargjafir

15% kaupauki til brúðhjóna sem stofna brúðargjafalista

  
ROSENDAHL  
COPENHAGEN

  
GEORG JENSEN  
ESTABLISHED 1904

  
ROYAL COPENHAGEN  
PARTNER TO THE ROYAL DANISH COURT

  
KAY  
BOJESEN  
DENMARK

  
Iittala

  
Villeroy & Boch  
1748

# KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is





ht.is  
LG OLED TV  
Heimilistæki

## BAKÞANKAR

Hauks Arnar  
Birgissonar



## Þetta reddast

Ég er líklegast eini íbúi Garða-  
bæjar sem ekki fer á skíði. Ég  
var því pollrólegur yfir því  
að smitast af kórónaveirunni. Hún  
lagðist bara á skíðafólk. Nú virðist  
hún hins vegar eitthvað vera farin  
að dreifa sér, blessunin. Þá er nú  
aldeilis gott að helmingur lands-  
manna hefur lagt stund á veiru-  
fræði, reyndar flestir á Youtube.  
Þessir sérfræðingar hafa fundið  
vettvang fyrir menntun sína og  
samfélagsmiðlarnir eru fullir af  
mísvisindalegum kenningum  
þeirra, sem margar hverjar eiga sér  
jafnvel pólitískar rætur. Donald  
Trump lokaði Bandaríkjunum og  
fékk bágt fyrir. Þegar Mette Fre-  
deriksen, forsætisráðherra Dan-  
merkur, greip til sömu ráðstafana  
þá þótti hún taka snilldarlega á  
málunum. Maður veit varla í hvorn  
fótinn maður á að stíga þessa  
dagana.

Já, það eru óvissutímar fram  
undan. Við megum samt ekki tapa  
gleðinni. Hámhorf á Netflix og  
gamla íþróttaviðburði, hömstrun  
matvæla og salernispappirs, pása  
frá nammibörum og leikskóla-  
njálg gerir okkur eflaust gott. Ég  
er á borði 2.386 í Candy Crush og  
sé nú loksins fram á að geta klárað  
leikinn. Get þá hætt að laumuspila  
hann.

Á meðan við gætum að hand-  
þvottinum, drögum úr óparfa  
mannamótum og andlitskáfi og  
hættum að sleikja lyftutakkana og  
rúllustigahandriðið í Kringlunni  
þá ætti þetta allt saman að fara vel.  
Tækniframfarirnar eru ógurlegar  
og fyrst nú er hægt að greiða með  
kreditkort hjá sýslumanni, þá  
er ekkert ómögulegt. Ástandið  
verður væntanlega verra áður en  
það verður betra en það mun birta  
til – vorið kemur. Því til sönnunar  
þá sást lóan um helgina á Höfn í  
Hornafirði. Við hin fáum að sjá  
hana eftir tæpar tvær vikur þegar  
hún losnar úr sóttkví.

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

Kvikk  
ON THE GO



Laugarásvegi 1

Njóttu



## GÆÐARÚM Á FERMINGARTILBOÐI



### DELUXE

HÁGÆÐA 7 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA

Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur  
fyrir dýpri og betri svefn.

VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:

90x200 cm Verð áður kr.-77.900  
NÚ AÐEINS KR. 57.900

120x200 cm Verð áður kr.-89.900  
NÚ AÐEINS KR. 69.900

140x200 cm Verð áður kr.-99.900  
NÚ AÐEINS KR. 79.900

★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI



### VALHÖLL

5 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA

Góð millistífl heilsudýna á frábæru verði.  
Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:

90x200 cm Verð áður kr.-77.900  
NÚ AÐEINS KR. 57.900

120x200 cm Verð áður kr.-89.900  
NÚ AÐEINS KR. 69.900

140x200 cm Verð áður kr.-99.900  
NÚ AÐEINS KR. 79.900

★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI



### SAGA/FREYJA

HÁGÆÐA 7 SVÆÐASKIPTAR HEILSUDÝNUR

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu,  
sterkir hliðarkantar, gæðabólstrun.

VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:

90x200 cm Verð áður kr.-99.900  
NÚ AÐEINS KR. 79.900

120x200 cm Verð áður kr.-119.900  
NÚ AÐEINS KR. 99.900

140x200 cm Verð áður kr.-134.900  
NÚ AÐEINS KR. 114.900

★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI

## ★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

25%  
AFSLÁTTUR  
AF MJÚK-  
VÖRU



Svefn & heilsa  
★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNESS 6 - AKUREYRI

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233  
BALDURSNESSI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði  
og Bara snilld, Egilsstaðir

VEFVERSLUN  
svefnogheilsa.is

VAXTALAUSAR  
12  
mán  
GREIÐSLUR